



Danssýningin Pond var flutt í gær í sundlaug Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra á Háaleitisbraut. Sýningin er unnin af finnska danshópnum Kaaos Company þar sem fatlaðir og ófatlaðir dansa saman. „Hópurinn telur að fjölbreytileiki sé skapandi afl í listrænni vinnu sem brjóti niður staðalmyndir í dansheiminum,“ segir í kynningu vegna sýningarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Lausnir á loftslagsvandanum felast í því að draga úr neyslu og draga úr losun, segir Kristín Linda Árnadóttir. **8**

SPORT Ólafía Þórunn spilaði vel í Texas um helgina. **13**

TÍMAMÓT Friðrik Jósefsson náði svarta beltinu í karate 69 ára. **26**



MENNING Guðni Th. Jóhannesson er í Seattle. **17**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

NUTRILENK

öflugur liðstyrkur



Starfsmenn dómstóla leka trúnaðargögnum

Málaskrárkerfi dómstólasýslunnar er ófullnægjandi. Dæmi eru um að lýsingar á áverkum á kynfærum kvenna séu opnar öllum starfsmönnum dómstóla. Ekki er hægt að rekja leit starfsmanna sem geta afritað gögn án þess að nokkur viti.

DÓMSTÓLAR Málaskrárkerfi dómstólanna er opið öllum starfsmönnum dómstóla. Þar eru persónugreinanleg gögn um afar viðkvæm málefni, þar með talið upplýsingar um áverka brotaþola í kynferðisbrotamálum.

Ekki er hægt í málaskrárkerfinu að rekja leit starfsmanna eða sjá hvort starfsmaður afriti gögn og leki þeim. Dæmi eru um að gögn sem eru lokað í LÖKE, málaskrárkerfi lögreglunnar, séu opin öllum starfsmönnum dómstólasýslunnar.

Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, segir málaskrárkerfi dómstólanna ófullnægjandi. Í byrjun næsta árs verði nýtt rekjanlegt kerfi komið í gagnid.

„Það er rétt að það er ekki hægt að rekja leitir starfsmanna í kerfinu og gögn eru opin öllum starfsmön-

um,“ segir Ólöf. Gögn sem þessi eru úrskurðir um gæsluvarðhald, húsléitarheimildir og hleranir.

Þann 30. apríl féll dómur í máli Hreiðars Más Guðmundssonar gegn íslenska ríkinu þar sem tekist var á um heimild til hlerunar sérstaks saksóknara á símtölum Hreiðars Más. Þar ákvað sérstakur saksóknari að leita til Héraðsdóms Vesturlands um heimild til hlerunar því hann treysti því ekki að úrskurðurinn færi leynt ef leitað yrði til Héraðsdóms Reykjavíkur. Krístrún Krist-

insdóttir, dómari við réttinn, segir í niðurstöðum dómsins eðlilegt að sérstakur saksóknari hafi ekki treyst dómstólum fyrir úrskurðinum.

„Við þessar aðstæður var það eðlileg varúðarráðstöfun, sem horfði til hagræðis, að sérstakur saksóknari leitaði til dómstóls í nágrenni borgarinnar þar sem aðeins störfuðu þeir starfsmenn, fremur en til Héraðsdóms Reykjavíkur sem er fjölmennur vinnustaður þar sem allir starfsmenn hafa aðgang að málaskrárkerfi dómstólsins,“ segir í niðurstöðu Krístrúnar.

Helga Vala Helgadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segir að í málaskrárkerfinu séu til dæmis gæsluvarðhaldsúrskurðir þar sem ítarlegar lýsingar séu á áverkum á kynfærum kvenna með nöfnum þeirra og kennitölum. – sa

Nýjar reglur auki öryggi RIB-báta

ÖRYGGISMÁL Breyta á reglum um útgerð svokallaðra RIB-báta til að bregðast við athugasemdum rannsóknarnefndar samgönguslysa vegna slysa í slíkum bátum.

Niðurstaða tveggja nýjustu rannsókna nefndarinnar er sama og áður, að bátunum hafi verið siglt of hratt miðað við aðstæður.

Minnst ellefu farþegar, í átta

skráðum slysum, hafa hlotið af meiðsli á baki eða hálsi.

Í fyrrahaust stakk rannsóknarnefndin upp á því að í bátana yrðu sett fjaðrandi sæti sem myndu taka á sig mesta höggið. Samgönguráðuneytið fékk umsögn frá Samgöngustofu sem taldi ekki fært að setja um reglur um fjaðrandi sæti.

– jõe / sjá síðu 6

insdóttir, dómari við réttinn, segir í niðurstöðum dómsins eðlilegt að sérstakur saksóknari hafi ekki treyst dómstólum fyrir úrskurðinum.

„Við þessar aðstæður var það eðlileg varúðarráðstöfun, sem horfði til hagræðis, að sérstakur saksóknari leitaði til dómstóls í nágrenni borgarinnar þar sem aðeins störfuðu þeir starfsmenn, fremur en til Héraðsdóms Reykjavíkur sem er fjölmennur vinnustaður þar sem allir starfsmenn hafa aðgang að málaskrárkerfi dómstólsins,“ segir í niðurstöðu Krístrúnar.

Helga Vala Helgadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segir að í málaskrárkerfinu séu til dæmis gæsluvarðhaldsúrskurðir þar sem ítarlegar lýsingar séu á áverkum á kynfærum kvenna með nöfnum þeirra og kennitölum. – sa

Jóhanna og Max hrósuðu sigri

LÍFID Söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir og Max Petrov unnu í gærkvöldi í Allir geta dansað, dansþætti Stöðvar 2.

Jóhanna og Max fengu fullt hús stiga frá dómnefndinni í úrslitabættinum og hrósuðu sigri í símakönnun. – bb / sjá síðu 22

Kringlan

30
ára

**KRINGLU
KAST**
3.-7. MAÍ



20-50%
AFSLÁTTUR AF
NÝJUM VÖRUM

Veður



Sunnan- og síðar suðaustan 5-13 með rigningu og súld í dag, einkum síðdegis. Á Norður- og Austurlandi verður lítil eða engin úrkoma. Hiti 4 til 10 stig að deginum, mildast norðaustantil. **SJÁ SÍÐU 16**



Frá fundi yfirkjörstjórnar með fulltrúum framboða til borgarstjórnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sextán framboð gild í Reykjavík

REYKJAVÍK Öll sextán framboðin sem skiluðu inn listum fyrir komandi borgarstjórnarkosningar voru úrskurðuð gild af yfirkjörstjórn í gær.

Vera eins frambjóðanda á lista Íslensku þjóðfylkingarinnar var metin ógild þar sem hann er með lögheimili í Svíþjóð og því ekki kjörgengur. Var hann því tekinn af listanum.

Tekið var á móti framboðum á föstudag og laugardag. Ellefu skiluðu inn listum fyrri daginn en fimm þann seinni. Það er því viðbúið að kjörseðillinn verði stærri en fólk hefur vanist hingað til.

Flokkarnir sem verða í framboði eru, raðað eftir listabókstaf, Framsóknarflokkurinn, Viðreisn, Sjálfstæðisflokkurinn, Íslenska þjóðfylkingin, Flokkur fólksins, Höfuðborgarlistinn, Sósíalístaflokkur Íslands, Kvinnahreyfingin, Miðflokkurinn, Borgin okkar, Píratar, Samfylkingin, Vinstrihreyfingin – grænt framboð, Karlalístinn og Frelsisflokkurinn. – jõe

11

skiluðu inn listum fyrri daginn en fimm þann seinni.

Hátíð í bæ



Breki VE 61, nýr togari sem smíðaður var í Kína fyrir Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum, kom til heimahafnar í gær eftir 46 daga siglingu. „Þetta hefur gengið vonum fram allt saman og skipið stóðst allar væntingar, mér list gríðarlega vel á það,“ segir Magnús Ríkhartsson skipstjóri sem stýrði skipinu heim þær 11.500 sjómílar sem leggja þurftu að baki. Áætlað er að Breki verði fullbúinn til veida upp úr miðjum júní. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Níu mánuðir fyrir þjófnaði

DÓMSMÁL Karlmaður á þritugsaldri var í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir helgi dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir ýmis þjófnaðarbrot.

Maðurinn var meðal annars sakfelldur fyrir að stela veski af Borgarbókasafninu og heyrnartólum, borvél og veski af veitingastað. Þá var hann einnig dæmdur fyrir að brjótast inn í búningaklefa ípróttahúss og stela þaðan greiðslukortum, hátalara, farsíma og dómara- og leikmannakorti.

Undanfarið ár hefur maðurinn hlotið tvo dómara fyrir þjófnaði, fjárvik og fíkniefna- og umferðarlaga-brot. Síðast í janúar hlaut hann tíu mánaða dóm, þar af sjö skilorðsbundna, fyrir slík brot.

Með brotum sínum nú rauf hann skilorð þess dóms. Refsingin nú er óskilorðsbundin en frá henni dregst gæsluvarðhald sem hann hefur setið í frá 18. mars. – jõe

Ekki lokaákvörðun um Söknuð í Skandinavíu

Fullyrðing norska lagahöfundarins Rolfs Lövland um að höfundaréttarsamtök í Skandinavíu hafi endanlega skorið úr um að lag hans You Raise Me Up sé ekki stuldur á laginu Söknuði virðist byggð á misskilningi um hlutverk samtakanna.

DÓMSMÁL Hvorki höfundaréttarsamtök tónskálda í Noregi né í Svíþjóð hafa ákvarðað að lagið You Raise Me Up sé ekki eftirlíking af laginu Söknuði eftir Jóhann Helgason líkt og höfundur fyrrnefnda lagsins og útgefandi hans hafa full-yr.

Í viðtali við Verdens Gang í apríl var haft eftir Rolf Lövland, höfundur lagsins You Raise Me Up, að álitamálið um það hvort það sé eftirlíking af Söknuði hafi verið til lykta leitt með niðurstöðu sænsku höfundaréttarsamtakanna STIM á árinu 2004.

Haft var eftir Martin Ingeström, forstjóra Universal í Stokkhólmi, í Fréttablaðinu 6. apríl, að málið hefði þegar verið „skoðað af matsnefndum nokkurra samtaka“ með þeirri niðurstöðu að ekki væri um stuld að ræða. Universal er útgefandi Rolfs Lövland. Ingeström segist þar eiga við STIM og norsku höfundaréttarsamtökin TONO.

Hvorki TONO né STIM hafa hins vegar það hlutverk að skera úr um álitaefni af þessu tagi. „Sköðun nefndarinnar er ekki bindandi ákvörðun heldur einfaldlega sérfræðiálit til leiðbeiningar,“ segir á heimasíðu STIM um hlutverk matsnefndar samtakanna.

Á heimasíðu TONO segir að samtökin hafi „ekki vald til að skera úr um ágreining tveggja aðila í málum sem varða til dæmis lagastuld og slíkar höfundaréttardeilur“.

Það sem Lövland og útgefandi hans vísa til er leiðbeinandi álit sem unnið var á ráðstefnu norrænna höfundaréttarsamtaka í Osló í júní 2004 og er merkt mats-



Jóhann Helgason og Jóhann, sonur Vilhjálms Vilhjálmssonar sem samdi texta við Söknuð. Jóhann boðar málaferli vegna stuldar á laginu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það finnst sem sagt varla ástæða til að gruna lagastuld.

Norrænu höfundaréttarsamtökin

nefnd hinu norska TONO. Þar segir að nefndarmenn hafi borið saman lögin Söknuð, You Raise Me Up og „ömmu þeirra beggja“; írski þjóðlagið Danny Boy.

„Það var einhuga stuðningur við það sjónarmið að fyrir tónlist af þessu tagi verði líkindin að vera nákvæmari og vara mun lengur til að réttlæta kröfu um brot á höfundarétti,“ segir í lokaorðum álitsins.

Málið var aftur rætt á ráðstefnu

höfundaréttarsamtakanna í Helsinki á árinu 2005 með sömu niðurstöðu.

„Það finnst sem sagt varla ástæða til að gruna lagastuld,“ var ályktun fundarinnar í Helsinki. Þar voru tekin fyrir fjögur meint lagastuldarmál. Tvö þeirra vörðuð Rolf Lövland. Hvorugt laganna var talið vera stolið. Nefndin klofnaði þó varðandi lagið Adagio eftir Lövland sem haldið var fram að væri lagið Les feuilles mortes – eða Autum Leaves – eftir Joseph Kosma.

Eins og komið hefur fram telja tveir íslenskir sérfræðingar sem báru saman Söknuð og You Raise Me Up fyrir STEF í apríl 2004 að lögin séu sláandi lík. Annar þeirra, Ríkhartður Örn Pálsson, sat reyndar síðar fundinn í Helsinki fyrir hönd STEFS. gar@frettabladid.is

Mosatætatarar

Útrýmdu mosa úr grasinu með mosatætara.



PÓR H

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Baldursnes 8
603 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thoris



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

TOYOTA
C-HR
SJÁLFLAÐANDI HYBRID

ISLENSKUSÍÐSTOV 81 153 0018



Verð frá:
C-HR – 3.940.000 kr.
C-HR Hybrid – 4.390.000 kr.

HYBRID Orkuskiptin eru hafin! Gríptu tækifærið og kaupu Hybrid á góðum kjörum.

Í fullkomnu flæði

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþrúðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Jafn margar kvartanir vegna flugfélaga í byrjun árs og allt árið 2016

SAMGÖNGUR Samgöngustofu bárust jafn margar kvartanir vegna seinkunar á flugferðum á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 og bárust allt árið 2016.

Kvörtunum hafði fjölgað jafnt og þétt samhliða auknum straumi um Keflavíkurflugvöll en sprenging varð á síðasta ári.

Komi til tafa eða aflýsingar á flugferð eiga farþegar margvíslegan rétt á grundvelli Evrópureglugerðar um efnid. Bæði getur þar verið um að

ræða hressingu og gistingu ef þörf er á. Sé flugi aflýst eða seinkun varir lengur en þrjár klukkustundir eiga farþegar rétt á stöðluðum skaðabótum sem eru misháar eftir lengd flugsins. Bæturnar eru á bilinu 250 til 600 evrur.

Á fyrstu þremur mánuðum ársins bárust Samgöngustofu 424 kvartanir vegna slíkra mála en það er nákvæmlega sami fjöldi og allt árið 2016.

Í fyrra barst alls 1.121 kvörtun.

Þessi aukning kemur okkur ekki í opna skjöldu og er í raun eðlileg afleiðing af fjölgun flugferða.

Þórhildur Elinardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu



Stofnunin tekur málin til meðferðar og kannar hvort réttur neytandans sé til staðar eður ei.

„Þessi aukning kemur okkur ekki í opna skjöldu og er í raun eðlileg afleiðing af fjölgun flugferða,“ segir Þórhildur Elinardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu. „Afgreiðslutími mála hjá okkur hefur lengst og við höfum brugðist við því með því að fjölga starfsfólki.“

Meðal annars hafi þjónustusvið tekið til við að svara fyrir-

spurnum sem ekki lúta að eiginlegri afgreiðslu mála. Það hafi minnkað álagið mikið.

„Við höfum einnig lagt áherslu á samstarf við flugfélögin enda er mikilvægt að þau svari sjálf sínum viðskiptavinum fljótt og vel til að færi mál endi í kvörtun eða ákvörðun. Eðlilegasta afgreiðslan er ef viðskiptavinir og flugrekendur geta komist að niðurstöðu án aðkomu Samgöngustofu,“ segir Þórhildur.

–jóe

Árásirnar beinast gegn kjósendum

AFGANISTAN Minnst fjórtán fórust og tugir særðust í sprengjuárás á mosku í austurhluta Afganistan í gær. Verið var að nota moskuna fyrir bænahald og skráningu fólks á kjörskrá þegar árásin var gerð.

Árásin átti sér stað í Yaqoubi-moskunn í borginni Khost í austurhluta landsins. Fórnarlömbin voru flest almennir borgarar á leið til bæna eða komnir til að skrá sig fyrir þingkosningarnar sem fara fram í október.

Árásir á almenna borgara í landinu hafa aukist undanfarnar vikur en um miðjan apríl hófst undirbúningur fyrir kosningarnar. Talið er að markmiðið með þeim sé að fæla fólk frá því að kjósa í kosningunum. Aðeins um ein milljón manna hefur skráð sig á kjörskrá en stefnt hafði verið að því að fimmtán milljónir myndu gera það áður en júní rennur sitt skeið.

Enginn hefur lýst sig ábyrgan fyrir árásinni en Taliban hafa neitað að hafa verið þarna að verki. –jóe

Manngerð laug ekki náttúruleg

STJÓRNSÝSLA Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) hefur hafnað kröfu Laugarvatns Fontana um starfsleyfi fyrir náttúruleg. Með því er niðurstaða Heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfest.

Synjað er vegna þess að laugin er manngerð. Forsvarsmenn Fontana töldu að þótt laugarstæðið væri manngert þá rynni náttúruvatn óhindrað og án allra viðbættra efna í laugina.

Þar sem laugin flokkaðist ekki sem náttúruleg var fyrirtækinu gert að koma fyrir í henni búnaði til að sótthreinsa vatnið í samræmi við reglur um hollustuhætti. –jóe

Bjóða 7.900 krónur í laun á dag

Bandaríska ferðaþjónustufyrirtækið Backroads býður starfsfólki hér á landi 7.900 krónur í laun fyrir að fara í dagsferðir. Backroads er eitt nokkurra erlendra fyrirtækja sem ASÍ nefnir í minnisblaði til Alþingis.

FERÐAÞJÓNUSTA Með frumvarpi ferðamálaherra um Ferðamálastofu er gríðarlegur aðstöðumunur milli íslenskra og erlendra fyrirtækja í ferðaþjónustu hérlendis festur í sessi og áréttaður að mati ASÍ.

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að ferðaþjónusta hér á landi verði leyfisskyld en eingöngu gagnvart fyrirtækjum sem skráð eru hér á landi. Samkeppnisstaða erlendra fyrirtækja er allt önnur og miklu betri en íslenskra fyrirtækja,“ segir Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.

Forsvarsmenn íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja segja augljós tengsl milli samdráttar í bókunum hjá íslenskum fyrirtækjum og starfsemi erlendra fyrirtækja sem í mörgum tilvikum greiði hvorki skatta né gjöld hér á landi, stundi undirboð á vinnumarkaði og hafi hvorki leyfi né réttindi.

Halldór segir þessa starfsemi skapa augljósan aðstöðumun gagnvart íslenskum fyrirtækjum sem greiði laun samkvæmt samningum, og skatta og gjöld.

Halldór bendir á annað frumvarp sem biði afgreiðslu þingsins um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja.

„Í því frumvarpi er lagt til að starfsmenn þessara fyrirtækja verði skilgreindir sem verandi á íslenskum vinnumarkaði, sem skiptir miklu máli því þá getum við sagt að þeir eigi, frá fyrsta degi, að njóta sömu starfskjara og hér gilda,“ segir Halldór. Eftir sem áður muni þó verða erfitt að fylgja rétti þeirra eftir á meðan vinnuveitendur þeirra eru hvorki skráðir né leyfisskyldir.

Í samtölum Fréttablaðsins við fólk í ferðaþjónustu er fyrirtækið Backroads ítrekað nefnt, en um er að ræða stórt bandarískt fyrirtæki sem hefur selt ferðir til Íslands um nokkurra ára



Háskólanemar í ævintýraleit eru skotmörk ferðaþjónustufyrirtækja sem borga laun undir taxa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

skeið og hefur tugi erlendra leiðsögumanna hér yfir sumartímam, flytur sína eigin bíla og bílstjóra til landsins, án þess að hafa tilskilin leyfi sem krafist er til hópferðaflutninga.

„Fyrirtækið Backroads rak á fjórir okkar eftir að bandarísk stúlka, sem er búsett hér á landi, fór á fund sem þeir boðuðu til og var auglýstur í Grapevine. Á fundinum fékk hún minnisblað með launakjörum upp á 65 evrur fyrir dagsferðir og 540 evrur fyrir 6 daga ferðir, án yfirvinnu en með góðri von um þjóf,“ segir Halldór. 65 evrur eru 7.900 krónur.

Fyrirtækið er meðal nokkurra erlendra fyrirtækja sem nefnd eru í minnisblaði sem fylgir umsögn ASÍ til Alþingis um fyrrnefnt frumvarp um Ferðamálastofu. Þau eiga það sammerkt að vera hvorki skráð hér á landi né starfsmenn þeirra sem

Það er ekki nóg með að leiðsögumenn þeirra séu á skítakaupi, heldur fær fyrirtækið launin niðurgreidd af spænska ríkinu.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ



gjarnan eru ungir háskólanemar í ævintýraleit og fá einhverjar greiðslur en alls ekki í samræmi við íslenska kjarasamninga og þurfa að miklu leyti að reida sig á þjóf.

Önnur fyrirtæki í minnisblaði ASÍ eru franska fyrirtækið Iceland

66 nord sem Halldór segir nánast hafa þurrkað upp frönskumælandi hópferðamarkaðinn hér, svissneska fyrirtækið Geko Expeditions sem sérhæfir sig í „self-drive“ utanvegakstri í Vatnajökulspjóðgarði, en á vef fyrirtækisins má sjá myndband sem sýnir akstur á ómerktum slóðum, og að lokum spænska fyrirtækið Tierras Polares sem ræður sína starfsmenn, unga háskólanema, í gegnum Vinnumálastofnun spænska ríkisins.

„Það er ekki nóg með að leiðsögumenn þeirra séu á skítakaupi, heldur fær fyrirtækið launin niðurgreidd af spænska ríkinu,“ segir Halldór. Hann segir ASÍ alls ekki vilja leggja til að erlendum fyrirtækjum verði bannað að veita þjónustu hér á landi en þau verði hins vegar að vera jafnsett íslenskum fyrirtækjum.

adalheidur@frettabladid.is

Kosið í fyrsta sinn í nærri áratug

LÍBANON Líbanir kusu sér nýtt þjóðþing í gær en kosningarnar voru þær fyrstu í landinu í nærri áratug. Metfjöldi kvenkyns frambjóðenda var að finna á kjörseðlinum.

128 sæti eru á líbanska þinginu en þeim er skipt jafnt milli þeirra sem eru múslimar eða kristnir. Frambjóðendur voru 583 en þar af voru 86 konur og hafa þær aldrei verið fleiri. Hver kjóandi hefur tvö atkvæði, eitt til að veita lista að eigin vali og annað til handa sérstökum frambjóðanda. 3,8 milljónir voru á kjörskrá en þar af voru um 800 þúsund fyrstu kjósendur. Um helmingur kjósenda mætti á kjörstað.

Þingkosningar fóru síðast fram í Líbanon árið 2009 en mikið hefur gengið á frá þeim tíma. Þegar stríðið í nágrennaríkinu Sýrlandi hófst framlegdi þingið kjörtímabilið um fram þau fjögur ár sem lög kveða á um.

Það tímabil gekk ekki áfallalaust fyrir sig en óánægja íbúa var umtals-



Talningamenn að störfum. NORDICPHOTOS/AFP

verð. Hún náði hámarki árið 2015 með „sorpkrísunni“ svokölluðu en þá mistókst stjórnvöldum að tryggja sorphirðu í höfuðborginni Beirút. Þá var landið án forseta í tvö ár á þessu tímabili.

„Það er ekkert vatn, ekkert raf-

magn, ekkert almannatryggingakerfi, engin heilsugæsla og engin lífeyrissjóðsréttindi. Mun eitthvað af því breytast ef ég kys? Nei,“ sagði óánægður bóksali við Al-Jazera.

Niðurstöður kosninganna munu liggja fyrir í dag. –jóe

FOSSBERG
IÐNADARVÖRUR OG VERKFERI

tilboðsblað fylgir Fréttablaðinu í dag

<p>Handgjafi 100 W Hæð: 13.810 kg</p> <ul style="list-style-type: none"> • 11.000 snúningur • 100 W • 100 mm • 100 mm • 100 mm • 100 mm 	<p>Handgjafi 100 W Hæð: 13.810 kg</p> <ul style="list-style-type: none"> • 11.000 snúningur • 100 W • 100 mm • 100 mm • 100 mm • 100 mm 	<p>Handgjafi 100 W Hæð: 13.810 kg</p> <ul style="list-style-type: none"> • 11.000 snúningur • 100 W • 100 mm • 100 mm • 100 mm • 100 mm
<p>Handgjafi 100 W Hæð: 13.810 kg</p> <ul style="list-style-type: none"> • 11.000 snúningur • 100 W • 100 mm • 100 mm • 100 mm • 100 mm 	<p>Handgjafi 100 W Hæð: 13.810 kg</p> <ul style="list-style-type: none"> • 11.000 snúningur • 100 W • 100 mm • 100 mm • 100 mm • 100 mm 	<p>Handgjafi 100 W Hæð: 13.810 kg</p> <ul style="list-style-type: none"> • 11.000 snúningur • 100 W • 100 mm • 100 mm • 100 mm • 100 mm

Fossberg ehf. • Dugguvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 5757 600 • fossberg@fossberg.is • www.fossberg.is

Hlutfjárútbod í Heimavöllum hefst í dag

Útbodið hefst kl. 10:00 í dag, mánudaginn 7. maí og lýkur kl. 16:00 á morgun, þriðjudaginn 8. maí 2018.

Í útbodinu verða boðnir til sölu 750.000.000 nýir hlutir í Heimavöllum. Gefi eftirspurn tilefni til hefur félagið heimild til að fjölga seldum hlutum í útbodinu þannig að þeir nemi samtals allt að 900.000.000. Hlutfjárukningin nemur 6,7%-7,9% af hlutfé Heimavalla að útbodi loknu allt eftir því hvort heimild til að fjölga seldum hlutum verður nýtt eða ekki.

Markmiðið með útbodinu er að fjölga hluthöfum í Heimavöllum þannig að félagið uppfylli skilyrði Aðalmarkaðar Kauphallar Íslands varðandi dreifingu hlutfjár og fjölda hluthafa.

Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Landsbankans www.landsbankinn.is/utbod-heimavellir

Fjárfestar geta valið um þrjár tilboðsbækur í útbodinu sem eru m.a. ólíkar hvað varðar stærð áskrifta, verðlagningu og úthlutunarreglur. Hver hlutur í Heimavöllum er að nafnverði 1 króna. Allir hlutir verða seldir á sama verði í hverri tilboðsbók (hollenskt útbod).

	Tilboðsbók A	Tilboðsbók B	Tilboðsbók C
Stærð áskrifta (kaupverð)	100.000 kr. - 500.000 kr.	550.000 kr. - 10.000.000 kr.	> 10.000.000 kr.
Tilboðsverð	Á útbodgengi tilboðsbókar A	Á bilinu 1,38-1,71 kr./hlut eða á útbodsgengi tilboðsbókar B	Að lágmarki á genginu 1,38 kr./hlut
Útbodsgengi	5% lægra en útbodsgengi tilboðsbókar B	Á bilinu 1,38-1,71 kr./hlut, þó ekki hærra en útbodsgengi tilboðsbókar C	Að lágmarki á genginu 1,38 kr./hlut
Meginreglur varðandi úthlutun	Leitast við að skerða ekki áskriftir undir 100.000 kr. að kaupverði	Á grundvelli tilboðsverðs, leitast við að skerða ekki áskriftir undir 550.000 kr. að kaupverði, annars hlutfallsleg	Á grundvelli tilboðsverðs, annars hlutfallsleg

Söluandvirði útbodsins, miðað við að allir hlutir í útbodinu verði seldir á lágmarksverði hvernar tilboðsbókar, er á bilinu 1.024.650.000 - 1.229.580.000 krónur eftir því hvort heimild til að fjölga seldum hlutum verður nýtt eða ekki.

Niðurstaða útbodsins verður birt á vefsíðu Heimavalla fyrir klukkan 16:00 þann 9. maí 2018. Gjaldlagi og eindagi áskrifta er 18. maí 2018.

Félagið mun falla frá útbodinu ef Kauphöll Íslands samþykkir ekki fyrir 23. maí 2018 fyrirhugaða umsókn stjórnar Heimavallar um að taka alla hluti útgefna í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands. Komi til þess verða áskriftir felldar niður og gerðar ógildar og tafarlaust haft sambandi við fjárfesta sem greitt hafa greiðsluseðla og þeim endurgreitt.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útbodinu er skuldbindandi.

Áður en tekin er ákvörðun fjárfestingu í hlutabréfum í Heimavöllum eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar um Heimavelli og skilmála útbodsins sem finna má í lýsingu Heimavalla sem dagsett er 23. apríl 2018 og birt er á vefsíðu Heimavalla hf., www.heimavellir.is

Landsbankinn hf. hefur umsjón með útbodinu. Upplýsingar og tæknileg aðstoð:

Vegna tilboðsbóka A og B	Vegna tilboðsbókar C
Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans	Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans
Sími: 410-4040	Sími: 410-4000
fjarmalaradgjof@landsbankinn.is	utbod@landsbankinn.is


**HEIMA
VELLIR**
ÖRUGGLEIGA



CITROËN JUMPY

FJÖLHÆFUR & STERKUR

TILBOÐSVERÐ FRÁ 2.459.000 KR. ÁN VSK
3.050.000 KR. MED VSK

**300.000 KR.
AFSLÁTTUR**



BAKKAÐU AF ÖRYGGI



Nálægðarskynjarar að aftan

LENGDIN SKIPTIR MÁLI



MODUWORK - aukið flutningsrými



Þrjár lengdir í boði – allt að 4 metra flutningsrými

**KOMDU & MÁTAÐU
CITROËN JUMPY Í DAG!**

brimborg

Öruggur staður til að vera á

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Sóludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Bjargað úr gúmmibát



Kona grætur með barn sitt í fanginu eftir að þeim var bjargað úr gúmmibát skammt frá Al-Zawiyah undan ströndum Líbíu. Flóttafólk sækir enn út á opið hafið í leit að betra lífi í Evrópu. Margir kjósa heldur landleiðina í gegnum Tyrkland og freista þess að fara þaðan eftir ám eftir að gæsla á hafi var aukin. NORDICPHOTOS/AFP

Bæta öryggi RIB-báta með breyttum reglum

Undanfarin ár hefur rannsóknarnefnd samgönguslysa skilað átta skýrslum vegna slysa um borð í RIB-bátum. Tillaga hennar um fjáðrandi sæti ekki tekin til greina.

SAMGÖNGUR Breyta á reglum um útgerð svokallaðra RIB-báta. Með því er brugðist við athugasemdum rannsóknarnefndar samgönguslysa (RNSA) vegna slysa í slíkum bátum. Fyrir stuttu skilaði RNSA skýrslum vegna tveggja slíkra slysa. Niðurstaðan var sú sama og undanfarin ár, að bátunum hafi verið siglt of hratt miðað við aðstæður.

Í flestum tilfellum sem RNSA hefur skoðað hefur bátunum verið siglt á nokkurri ferð, þeir lyft upp vegna öldugangs og skollíð niður af nokkrum þunga. Minnst ellefu farþegar, í átta skráðum slysum, hafa hlotið af meiðsli á baki eða hálsi. Í

einhverjum tilfellum hefur hryggjarliður fallið saman eða bein brotnað.

Í skýrslu síðasta haust gerði RNSA tillögu í öryggissátt, þess efnis að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið myndi setja reglur um slíka báta til að tryggja öryggi farþega. Var meðal annars stungið upp á því að í bátana yrðu sett fjáðrandi sæti sem myndu taka á sig mesta höggið.

Ráðuneytið óskaði í kjölfarið umsagnar Samgöngustofu um efnid og barst hún ráðuneytinu í október síðastliðnum. Samgöngustofa tók undir sjónarmið RNSA en taldi ekki fært að gera tillögu um reglu um fjáðrandi sæti þar sem bátarnir sem um ræðir væri flestir CE-merkta skemmtibátar.

„Í staðinn lagði Samgöngustofa til að bregðast mætti við skýrslum [RNSA] með því að útfæra kröfur um að útgerðir RIB-báta framkvæmdu áhættumót sem tæki til siglinga í mismunandi aðstæðum, sem þá fæli í sér að við tiltekna aðstæður væri siglt hægar,“ segir í bréfi ráðuneytisins til RNSA fyrir

skemmstu. Ráðuneytið fól Samgöngustofu að útfæra slíkar reglur.

„Samgöngustofa hefur gert drög að reglugerðarbreytingu um farþegabáta og sent hana áfram til ráðuneytisins. Þær tillögur verða innan skamms lagðar fyrir Siglingaráð og fyrir almenning til kynningar,“ segir Þórhildur Elinardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu.

Í reglugerðardrögunum felst að útgerðir geri ráð fyrir ráðstöfunum til að tryggja öryggi farþega í áætlunum um starfrækslu bátanna. Þær ráðstafanir koma til með að fela í sér að gera frekari kröfu á að siglingaleiðir taki mið af aðstæðum auk ýmissa annarra ráðstafana.

„Afþreyingariðnaði í siglingum hefur vaxið fiskur um hrygg með auknum straumi ferðafólks hingað til lands og umhverfið hefur verið að laga sig að þeim breytingum. Sú vinna tekur tíma en hefur verið í gangi. Því miður er það oft þannig að eitthvað þarf að koma upp svo að umgjörðin taki breytingum,“ segir Þórhildur. joli@frettabladid.is

RISA

TAX

FREE

DAGAR

SÍÐASTI DAGURINN

Dagana 3.-7. maí

Taxfree* af öllum fatnaði, öllum skóm,
öllum hjólum, öllum leikföngum,
öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði
og öllum snyrtivörum.

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkisgjöfur 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Byltingin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Niðurstöður skoðanakannana fyrir kosningar jafngilda sannarlega ekki úrslitum en gefa samt iðulega góða mynd af stemningunni í þjóðfélaginu. Nýlegar skoðanakannanir um fylgi flokka í borginni sýna að kjósendur eru upp til hópa ekki sérlega nýjungagjarnir. Þeir hafa úr nógu að velja en halla sér flestir annaðhvort að Samfylkingunni eða Sjálfstæðisflokki. Hin nýju framboð sem spruttu skyndilega upp eins og gorkúlur eru ekki að sanka að sér fjölda fylgi, enda verður ekki séð að framboðendur þeirra hafi mikið fram að færa annað en upphrópanir og innihaldslausa frasa.

Það er enginn byltingarandi í kjósendum en byltingartal má samt vissulega greina í kosningabaráttunni. Það einkorðast við forsvarsmenn tveggja flokka sem enginn eftirspurn er eftir, það er að segja Alþýðufylkingarinnar og Sósíalístaflokksins. Í nýjustu skoðanakönnun Gallups mælist fylgi Sósíalístaflokksins um tvö prósent og fylgi Alþýðufylkingarinnar svo lítið að það mælist vart. Ekki er þetta árangur sem hægt er að státa sig af. Furdulegt er síðan af hverju þessir flokkar, sem unna sósíalísmannum svo heitt og eiga því málefna-samstöðu, hafi ekki sameinast fyrir borgarstjórnarkosningar. Ef einhver munur er á þessum flokkum, annar en sá að þeir heita ólíkum nöfnum, þá verður það væntanlega útskýrt fyrir þeim fáu áhugasömu í sjónvarpsmæðum seinna í þessum mánuði.

Híð æpandi áhugaleysi kjósenda á sósíalískri byltingu kemur engan veginn á óvart. Kjósendur telja það réttléga vera algjöra tímaskekkju að vekja upp vofu Karls Marx, enda vitað að hún hefur ekki skapað mikla gæfu þar sem hún hefur reikað um. Á sama tíma og ljóst er að kjósendur hafa lítinn áhuga á flokkum þar sem farið er með gamla frasa um alþýðu í hlekkjum eru byltingarsinnar innan verkalyðsforystunnar í miklum ham. Ræða Ragnars Þórs Ingólfssonar, formanns VR, á 1. maí hefur eflaust hljómað eins og sætasta músík í eyrum þeirra sem láta sig dreyma um byltingu og rauða fána. Formaðurinn boðaði aðgerðir sem ekki hafa sést hér á landi í áratugi. Af máli hans mátti ætla að ekkert yrði gefið eftir í baráttunni við atvinnurekendur (hina illu arðræningja) og ríkisstjórnina (bandalag sérhagsmunaflokka). Einhver myndi kannski freistast til að túlka orð hans einungis sem dæmigert slagorðatal á baráttudegi verkalyðsins, sem ekki ætti að taka of bókstaflega. Formanninum virðist hins vegar vera full alvara. Hann vill skapa upplausn og ringulreið og vera bálreiður og viðskotaillur við samningaborðið.

Kjósendur í landinu eru pollrólegir, kannski um of, því áhugi þeirra á komandi kosningum sýnist ekki sérlega mikill. Síst eru þeir á harðahlaupum í faðm flokkanna sem boða sósíalíska byltingu. Ekkert bendir heldur til að þeir líti á byltingarsinna innan verkalyðs-hreyfingarinnar sem fulltrúa sína. Í staðinn fyrir að reyna að hafa vit fyrir þjóðinni ættu byltingarsinnarnir að spyrja sig: Hvað vill þjóðin? En þeir spyrja ekki því þeir vita að þeim mun ekki líka svarið. Sjálfsgætt lífa þeir í þeirri trú að sá tími komi að þjóðin ranki við sér og æpi á byltingu. Það mun ekki gerast. Öllum leyfist samt að láta sig dreyma.



Kjósendur telja það réttléga vera algjöra tímaskekkju að vekja upp vofu Karls Marx, enda vitað að hún hefur ekki skapað mikla gæfu þar sem hún hefur reikað um.

30 ÁRA 2018


Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Flisabúðin

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Halldór



Frá degi til dags

Karlalístin
Hinn nýstofnaði Karlalísti kynnir framboð sitt og stefnumál fyrir borgarstjórnarkosningarnar í dag. Flokkurinn er, eins og nafnið gefur til kynna, á móti hvers kyns femínísku blaðri og hyggst berjast fyrir foreldrajafnrétti. Nú þegar hefur flokkurinn opinberað merki sitt. Þar má sjá nokkra karla standa í röð. Inn á merkið hefur hins vegar slæðst ein kona, eða karl í háhælu-uðum skóm. Flokkurinn mun vafalaust nota línuna „okkur er ekki illa við konur, sjáðu, við erum með eina í merkinu okkar“ í kosningabaráttunni þegar gagnrýni heyrir.

Brottfallið
Eitt allra skemmtilegasta lagafrumvarp síðustu ára var lagt fram á Alþingi í vikunni. Þar leggur þingflokkur Pirata, auk tveggja annarra, til að 208 lög falli úr gildi. Lögin eiga það öll samekkt að ákvæði þeirra hafa verið felld brott en númer þeirra er að finna í lagasafninu. Um hálfgerða vorhreingerningu er að ræða verði frumvarpið að lögum. Hægt er að skoða listann á þingvefnum en upphald höfundar eru lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Sveinbirni Runólfssyni sf. innflutning á gröfupramma.
joli@frettabladid.is

Þetta reddast – en ekki af sjálfu sér!



Kristin Linda Árnadóttir
forstjóri Umhverfisstofnunar



Í umhverfismálum er aftur á móti gerð mikil krafa um framsýni, enda hafa ákvarðanir sem við tökum i dag mikil áhrif á framtíðina.

Þetta reddast“ er frasi sem við Íslendingar eigum í skrítnu sambandi við. Stundum erum við mjög ánægð með þá heimspekilegu hugsun sem kemur fram í frasanum. Vísun til þess að við séum bjartsýn og ráðumst í verkefni í stað þess að við séum þau um of fyrir okkur. Að hlutir hafi tilhneigingu til að reddast gæti líka verið afsprenni þeirrar hugsunar að við búum í mikilli nálægð við oft á tíðum óblíð náttúruöfl en mætum þeim galvösk þegar á reynir.

Á hinn bóginn heyrir stundum að „þetta reddast“ lýsi því hugarfari að við sjáum minni hvata en ella í að undirbúa það sem þarf að undirbúa. Séum jafnvel ekki best í heimi að gera langtímaáætlanir og sjáum e.t.v. takmarkaða ástæðu til að fara eftir slíkum áætlunum.

Í umhverfismálum er aftur á móti gerð mikil krafa um framsýni, enda hafa ákvarðanir sem við tökum i dag mikil áhrif á framtíðina. Gott dæmi úr fortíð okkar er hitaveituvæðing landsins sem hefur skilað þjóðarbúinu miklum sparnaði, lífsgæðum og þeirri staðreynd að við erum á toppi lista þjóða í heiminum sem nýta endurnýjanlega orku.

Þannig hafa margar ákvarðanir dagsins i dag áhrif til lengri tíma, ýmist til góðs eða illis. Það krefst langtímaáætlunargerðar að berjast gegn skaðlegum loftslagsbreytingum, þar duga engar reddingar. Nú liggur fyrir að við munum ekki ná að standa við Kýót II skuldbindingar okkar. Við þurfum að endurskoða eigin neyslu og þannig getum við dregið nægilega úr losun til að ná markmiðum.

Til langframa felast lausnir á loftslagsvandannum því ekki í óbreyttri hegðun eða einungis stórtækum bindingaraðgerðum í skógrækt eða votlendi. Aukin binding er vissulega liður í því að stefna að kolefnishlutleysi en meginskuldbinding Íslendinga felst í því að draga úr neyslu og draga úr losun. Til að draga úr neyslunni og breyta henni þurfum við að breyta hugsun okkar.

Ekkert reddast – af sjálfu sér.

NPA, Star Wars og mannréttindi

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Í dag gæti ég lent í slysi. Alla daga getur maður lent í slysi eða eitthvað komið fyrir mann sem breytir ásigkomulagi manns varanlega. Möguleikinn á því að maður verði bundinn hjólastól restina af ævinni er alltaf til staðar. Maður hrynur niður stiga eða stígur óvart of snemma út á götu og fyrir bíl. Maður getur runnið illa á bananahýði á leið í pontu á fundi og skolið með höfuðið á stólbrik. Möguleikarnir eru óendanlegir.

Ég held að það sé manni hollt að fara í gegnum svona hugsanir endrum og eins. Það er gott að spyrja sjálfan sig hvað maður myndi gera. Hvernig yrði lífið? Þetta er ekki auðveld pæling. Eitt finnst mér ég geta sagt með vissu: Ég horfi til þess með hryllingi ef ég myndi eftir slíkt slys þurfa að sætta mig við það að missa forræði yfir eigin lífi.

„Jæja, Guðmundur minn,“ myndi sloppklæddur starfsmaður segja við mig blíðlega. „Nú ert þú kominn í hjólastól. Lamaður frá hálsi. Þá er best að finna þér pláss í þjónustukjarna. Þar muntu fara í sturtu á miðvikudögum.“

Frelsið til að lifa

Ég myndi fljótt brjálást. Ég veit fyrir víst að fólk sem hefur raunverulega lent í þessari stöðu hefur fljótt brjálást. Kannski hentar þetta einhverjum, að vera á stofnun. Ég veit það ekki. Það ætti þá að vera val viðkomandi en ekki nauðung kerfisins. Frelsið er lykilatriði.

En svona eru stundum mannréttindabrot. Þau eru framkvæmd með blíðlegu brosi á vör áratugum saman, í stofnana-væddu hugsunarleysi á grunni alls konar fræða sem einhverjir halda í einlægni að séu öðrum fyrir bestu. Kerfi myndast og kerfið fær sjálfstætt líf, en fólk ekki.

Væri ég í hjólastól, og kannski í ofanálag ófær um að tjá mig eins og áður, er miklu rökréttara og augljósara, út frá þeim gildum sem ég held að flestir aðhyllist, að álykta sem svo að einmitt þá þyrfti ég meiri aðstoð samfélagsins við að viðhalda mannlegri reisu minni og halda réttinum til sjálfstæðs lífs. Það er fánalegt að álykta hið gagnstæða. Að einmitt þarna ætti að takmarka þennan rétt. Ef svo væri: Hvað merkja þá mannréttindi? eru þau ekki ætluð fólk sem virkilega þarf þau?

Það er til leið sem gerir fötluðu fólk kleift að stjórna eigin lífi og taka þátt í veruleikanum til jafns við aðra. Þessi leið heitir notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA). Það er mikið ánægjuefni að nú er búið að lögfesta loksins NPA sem eitt

meginþjónustuform við fatlað fólk eftir mikla baráttu. Það er hins vegar áhyggjuefni að kerfið virðist ætla að standa á bremsunni þegar kemur að þessum grunnrétti. Settur verður kvóti á fjölda NPA-samninga. Það þýðir að fullt af fólk mun ekki bjóðast full þátttaka í samfélaginu í brád. Því verður haldið í fjötrum enn um sinn.

Stórbrotið ævintýri

Það þarf að stíga skrefið til fulls. Í fallegu samfélagi er öllu fólk tryggður möguleikinn til að lifa lífi sínu eins og það kys, til jafns við aðra. Annað er rangt. Fyrir og um helgina voru þrjú dagar haldnir hátíðlegir. Á laugardaginn var bæði alþjóðadagur ljósmæðra og Evrópudagur um sjálfstætt líf. Á föstudaginn var alþjóðlegi Star Wars dagurinn. Ég sé tengsl.

Alþjóðadagur ljósmæðra, auk þess að vera hvatning í mikilvægri kjarabaráttu, ætti að minna okkur á að frá fyrstu sekúndum okkar jarðlífs þurfum við öll alls konar aðstoð við að lifa lífinu. Hjálp annarra og stuðningur er grunnþörf allra frá og með fyrsta andardrætti. Evrópudagur um sjálfstætt líf, haldinn hátíðlegur hér á landi af NPA-miðstöðinni, er síðan áminning um það að samfélagið má alls ekki, undir nokkrum kringumstæðum, klicka á þessari aðstoð þegar fólk þarf hana mest.

Og Star Wars fjallar um máttinn. Hina fallegu kveðju, „megi mátturinn vera með þér“, má túlka sem ósk öllum til handa um að aldrei verði lífið þannig að maður upplifi sig máttlaust fórnarlamb aðstæðna, heldur hafi maður stjórn á eigin lífi. Mátturinn er úti um allt, segir í Star Wars. Rétt er það. Í samhygðinni, heilbrigðu samfélagi fólks og aðstoð þess við hvert annað, býr yfirdrifið nægur máttur til að tryggja öllum stjórn yfir sjálfum sér.

Svarthöfði lenti sem ungur maður undir glóandi hrauni. Síðan þá þarf hann mikla aðstoð. Her manns færir hann í búning á morgnana, sem gerir honum kleift að hreyfa sig, splundra sölkerfum og anda. Að vísu heyrir svolítið hátt í búningnum þegar hann andar, en það hlýtur að vera hægt að laga það. Og Logi geimgeingill er með sérsmíðaða gervihönd. Hann missti höndina í erfiðum átökum við pabba sinn, sem hann vissi ekki einu sinni að hann ætti. Joda er verulega dvergaxinn og Lóðinbarði býr við tjáskiptaörðugleika.

Star Wars er þannig stórbrotið ævintýri um fatlað fólk. Myndirnar væru ömurlegar ef þetta fólk hefði verið sett í þjónustukjarna. Sama gildir um raunveruleikann.



„Jæja, Guðmundur minn,“ myndi sloppklæddur starfsmaður segja við mig blíðlega. „Nú ert þú kominn í hjólastól. Lamaður frá hálsi. Þá er best að finna þér pláss í þjónustukjarna. Þar muntu fara í sturtu á miðvikudögum.“



skoðaðu úrvalið á Weber.is

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

TUDOR

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bildshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Nýtt!

Gott með borgaranum

Gardchips flögur, 150 g

399 kr. pk.

Krónan mælir með!

Fylltir hamborgarar, 2x120 g

599 kr. pk.

KRÓNAN



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Tveir íslenskir bikartitlar í gær

HANDBOLTI Þrjú íslenskir handbolta-menn urðu bikarmeistarar með liðum sínum í gær, en einn íslenskur leikmaður þurfti að gera sér silfur að góðu. Alexander Petersson og Guðjón Valur Sigurðsson unnu þýska bikarinn með Rhein-Neckar Löwen eftir sigur gegn Rúnari Kárasyni og félagum hans hjá Hannover-Burgdorf.

Alexander skoraði fimm mörk fyrir Rhein-Neckar Löwen og Guðjón Valur bætti einu marki við í þúkíð. Rhein-Neckar Löwen á góðan möguleika á því að verða tvöfaldur meistari á yfirstandandi leiktíð, en liðið trónir á toppi þýsku efnu deildarinnar með 48 stig, með jafn mörg stig og Flensburg, en á tvo leiki til góða á Flensburg.

Aron Pálmarsson varð svo spænskur bikarmeistari með liði sínu Barcelona. Aron skoraði sex mörk í sigri Barcelona gegn La Rioja í úrslitaleik spænsku bikarkeppninnar.

Barcelona hefur auk þess að verða bikarmeistari orðið deildarbikar-meistari og deildarmeistari á þessari leiktíð. Fyrsta tímabil Arons hjá Barcelona hefur því verið honum gjöfult hvað titla varðar. Barcelona hefur nú orðið bikarmeistari fimm ár í röð og 22 sinnum alls í sögu félagsins. – hó

KR náði í sín fyrstu stig í Pepsi-deildinni í sumar í Garðabænum í gær



Frábært skot sem fór beint í mark Pálmi Rafn Pálmason hitti boltann frábærlega þegar hann skoraði annað mark KR-inga gegn Stjörnunni í gær. Pálmi Rafn skoraði þá með glæsilegu viðstöðulausu skoti þegar hann kom KR yfir í uppbótartíma fyrri hálfleiks. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

EIGIÐ FÉ ÚR ENGU BANKAFLÉTTUR BLEKKinga?

Opinn fundur í Odda, Háskóla Íslands (stofu 101),
þriðjudaginn 8. maí kl. 12.00.



Stefán Svavarsson
endurskoðandi



Vilhjálmur Bjarnason
fv. alþingismaður

Kristrún Heimisdóttir stýrir fundinum



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD

Samtök
sparifjáreigenda

ALDREI AFTUR! - FUNDARÖÐ SAMTAKA SPARIFJÁREIGENDA

Veit af áhuga í Frakklandi

Landsliðsbakvörðurinn Elvar Már Friðriksson lauk háskólanámi í Bandaríkjunum um helgina. Hann kveðst feginn að hafa skipt um skóla eftir fyrsta árið.

KÖRFUBOLTI Elvar Már Friðriksson, bakvörðurinn knái úr Njarðvík, útskrifaðist um helgina með gráðu í viðskiptastjórnun eftir fjögurra ár nám við Barry-háskóla í Bandaríkjunum.

Elvar sem hefur verið viðloðandi íslenska landsliðið átti góðu gengi að fagna með liði skólans í D2-deildinni í bandaríska háskólakörfuboltanum. Var hann tveggis valinn leikmaður ársins í SSC-deildinni, en í henni spila lið frá Flórídaskaganum, en hann skipti yfir í Barry eftir aðeins eitt ár hjá LIU Brooklyn. Hann lítur feginn til baka á ákvörðunina.

„Það voru ýmsar ástæður fyrir þessari ákvörðun og ég sé ekki eftir því að hafa skipt. Mér leið ekki vel þar og þegar horft er á körfubolta-hliðina þá hentaði leikstillinn mér ekki, hér eru fleiri evrópskir leikmenn og meiri evrópsk menning sem hentar mér,“ segir Elvar.

„Strax þegar ég kem hingað þá kynnist ég liðsfélagum alls staðar að og ég náði strax mjög góðu sambandi við þá,“ segir Elvar en hann efast um að hann hefði enst árin fjögur í Brooklyn. „Við byrjuðum sjö saman fyrsta árið, ég, Martin og fimm aðrir, og ég var fyrstur til að fara. Ári seinna fór Martin og þá fóru hinir fimm leikmennirnir sem byrjuðu á sama tíma. Ég er viss um að ef að ég hefði ekki farið frá Brooklyn hefði ég ekki enst í þessi fjögur ár og klárað námið mitt.“

Þrátt fyrir að Barry sé í deild fyrir neðan LIU fannst Elvari hann læra mun meira og spila betri körfubolta. „Hiklaust, við unnum mjög sterk- an skóla sem kemur úr efnu deild og

vorum að spila góðan körfubolta. Ég hef lært heilmikið af því að vera hér, ég hef breytt leikstíl mínum mikið og bætt mig sem leikstjórnandi. Ég þurfti að læra að stjórna liðinu, vera leiðtogi og axla aukna ábyrgð.“

Elvar kemur heim til Íslands í sumar en ætlar ekki að ræða neitt við íslensk lið, hann stefnir á að komast út í atvinnumennsku.

„Ég hef ekkert talað við nein lið heima strax, ég er að horfa til Evrópu og ætla ekkert að opna á viðræður heima í bili. Ég ætla að reyna að nýta meðbyrinn sem ég hef frá Bandaríkjunum til að finna mér lið í Evrópu. Ég er kominn með umboðsmann og veit af áhuga nokkurra liða,“ segir Elvar en meðal annars kemur áhugi frá Frakklandi.

„Ég veit af áhuga úr Pro-B deildinni í Frakklandi þar sem Martin byrjaði, það var góður stökkipallur fyrir hann og ég hef rætt þetta við hann og Hauk Helga Pálsson sem leika í Frakklandi. Það er gott að geta rætt þetta við stráka sem hafa verið í þessum sporum.“

Komi ekkert spennandi upp segir hann að það sé alltaf eitt lið sem standi næst hjartanu.

„Ef ekkert spennandi kemur upp skoða ég möguleikann á að spila á Íslandi og þá er eitt lið ansi líklegt sem á sinn stað nálægt hjarta- staðnum. Ég ætlaði hins vegar ekki að trúá því þegar ég sá myndir frá veðrinu á Íslandi,“ segir Elvar.

„Það hafa verið ágætis forréttindi að búa í hita og sól allan ársins hring, ég hef reynt að nýta síðustu dagana í sólinni vel,“ segir Elvar hlæjandi að lokum. – kpt

DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA

HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

OPIÐ ALLA VIKUNA TIL 18:00

TILBOÐ

HLEÐSLUSETT 6 VÉLAR 18V

18v sett í þremur töskum

Settið inniheldur:

Fjölnota sög

Hjólsög

Slípirokk

Borvél

SDS + Borvél

Skrúfvél

Hleðslutæki

3x Rafhlöður 18v 5 Ah

vnr 94DCK654P3T

165.000 m/vsk

Fullt verð 197.976

+ Tveir miðar



TILBOÐ

2JA LÍNU LASER

nákvæmni allt að $\pm 0,3$ mm/m.
Sjáanleiki innandyrna: 10 m

vnr 94DW088K

36.039 m/vsk

Fullt verð 45.643

+ Tveir miðar



TILBOÐ

HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18v 1.5Ah rafhlöður
60 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
T-STAK taska

vnr 94DCD790S2

29.900 m/vsk

Fullt verð 40.446



TILBOÐ

HJÓLSÖG 1350W

vnr 94DWE560

30.062 m/vsk

Fullt verð 37.577



TILBOÐ

GEIRUNGSSÖG

vnr 94DWS774

45.124 m/vsk

Fullt verð 55.030

+ Tveir miðar



TILBOÐ

GEIRUNGSSÖG 305 MM

Mesta skurðargeta: 110 X 303 mm
Mesti halli: 49°
Blaðstærð: 305 mm
Þyngd: 24.8 Kg
Skuggalína til að sjá skurðarlínu.

vnr 94DWS780

115.118 m/vsk

Fullt verð 140.388

+ Tveir miðar



TILBOÐ

BORÐSÖG

Blað: 250 mm
Þyngd: 22 Kg
Afl: 1700 wött
Borð fylgir

vnr 94DW745RS

125.900 m/vsk

Fullt verð 142.705

+ Tveir miðar



Tilboð gilda frá 7. - 11. maí eða á meðan birgðir endast

*Eingings eru afhentir tveir miðar á mann ef verslað er vara eða vörur fyrir 35.000 kr. eða meira.

www.sindri.is / sími 575 0000

Skútuvogi 1 - Reykjavík | Víðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

***Tveir miðar fylgja**
á Sindra torfæruna á Hellu 12. maí.
Ef verslað er fyrir 35.000 kr eða meira



Enska úrvalsdeildin

Úrslit 37. umferðar 2017-18

Brighton - Man.Utd 1-0

1-0 Pascal Gross (57.)

Stoke - Crystal Palace 1-2

1-0 Xherdan Shaqiri (43.), 1-1 James McArthur (68.), 1-2 Patrick van Aanholt (86.)

B'mouth - Swansea 1-0

1-0 Ryan Fraser (37.)

Leicester - West Ham 0-2

0-1 Joao Mario (34.), 0-2 Mark Noble (64.)

Watford - Newcastle 2-1

1-0 Roberto Pereyra (2.), 2-0 Andre Gray (28.), 2-1 Ayoze Perez (55.)

WBA - Tottenham 1-0

1-0 Jake Livermore (90.)

Everton - Southampton 1-1

0-1 Nathan Redmond (56.), 1-1 Tom Davies (90.)

Man.City - Huddersfied 0-0

Arsenal - Burnley 5-0

1-0 Pierre-Emerick Aubameyang (14.), 2-0 Alexandre Lacazette (45.), 3-0 Sead Kolasinac (54.), 4-0 Alex Iwobi (64.), 5-0 Pierre-Emerick Aubameyang (75.)

Chelsea - Liverpool 1-0

1-0 Olivier Giroud (32.)

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Man. City	36	30	4	2	102-26	94
Man. Utd.	36	24	5	7	67-28	77
Liverpool	37	20	12	5	80-38	72
Tottenham	34	20	8	7	66-32	68
Chelsea	36	21	6	9	61-34	69
Arsenal	36	18	6	12	72-48	60
Burnley	37	14	12	11	35-37	54
Everton	37	13	10	14	43-55	49
Leicester	36	11	11	14	49-54	44
Newcastle	36	11	8	17	36-46	41
C. Palace	37	10	11	16	43-55	41
B'mouth	37	10	11	16	43-60	41
Watford	37	11	8	18	44-63	41
Brighton	36	9	13	14	33-47	40
West Ham	36	9	11	16	45-67	38
Huddersf.	36	9	9	18	27-56	36
South'ton	36	6	15	15	36-55	33
Swansea	36	8	9	19	27-53	33
WBA	37	6	13	18	31-54	31
Stoke City	37	6	12	19	33-67	30

Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi

Everton
Gylfi Þór Sigurðsson
var fjarri góðu gamni vegna hnémeiðsla þegar Everton gerði 1-1 jafntefli gegn Southampton í leik liðanna á Goodison Park.



Burnley
Jóhann Berg Guðm.
lék fyrstu 89 mínúturnar á kantinum fyrir Burnley þegar liðið steinlá fyrir Arsenal, 5-0, í leik liðanna á Emirates-vellinum.



Cardiff City
Aron Einar Gunnarsson
var fjarverandi vegna meiðsla þegar Cardiff City tryggði sér sæti í efstu deild í lokaumferð B-deildarinnar.



Reading
Jón Daði Böðvarsson
lék fyrstu 70 mínúturnar í framlínu Reading þegar liðið gerði jafntefli gegn Cardiff City.



Aston Villa
Birkir Bjarnason
gat ekki leikið með liði sínu, Aston Villa, í lokaumferð B-deildarinnar vegna kálfameiðsla.



Bristol City
Hörður B. Magnússon
kom inn á í hálfleik þegar lið hans, Bristol City, tapaði fyrir Sheffield United.



ÓSVÍKIN GLEÐI Leikmenn og stuðningsmenn WBA fagna innilega sigurmarki Jake Livermore í mikilvægum sigri liðsins gegn Tottenham Hotspur um helgina. West Brom

Chelsea færði spennu í Meistarad

Liverpool mistókst að tryggja sér sæti í Meistaradeild Evrópu, en liðið tapaði fyrir Chelsea sem fíkraði sig nær efstu sæti í fallbaráttunni með dramatískum sigri gegn Tottenham Hotspur. Southampton og Swansea munu svo

Þar á meðal eru sigrar gegn Manchester United og Tottenham Hotspur og jafntefli gegn Liverpool. Sigur WBA kveikir glæður í brunarústunum, en liðið hefur 31 stig í næstneðsta sæti deildarinnar eftir þennan sigur. Von WBA er hins vegar veik, en liðið verður að vona að fallbaráttuslagur Southampton og Swansea sem háður verður á St. Mary's annað kvöld. Þá verða bæði liðin að lúta í gras í lokaleikjum sínum í deildinni til þess að kraftaverk Moores við stjórnvölinn hjá WBA verði að veruleika.

Svakalegur leikur annað kvöld
Fallbaráttan stendur nú á milli WBA, Swansea og Southampton og Huddersfield sem náði í sterkt stig þegar liðið gerði markalaust jafntefli gegn ríkjandi Englandsmeist-

urum, Manchester City, sem fékk Englandsmeistarabikarinn að leik loknum. Swansea og Southampton eru jöfn að stigum í 17. og 18. sæti deildarinnar og Huddersfield er í sætinu þar fyrir ofan með 35 stig. Þessi lið eiga öll tvö leiki eftir af deildarkeppninni.

West Ham sem situr í 15. sæti deildarinnar með 38 stig og liðin þar fyrir ofan eru sloppin við fall. Það verður mikil spennan í loftinu þegar Southampton og Swansea etja kappi á morgun og linur munu skýrast enn frekar í fallbaráttunni með úrslitum úr þeim leik.

Leikmenn Arsenal glöddu svo hjarta Arsenes Wenger sem stýrði liðinu í sínum síðasta heimaleik þegar liðið mætti Burnley á Emirates-vellinum í gær. Arsenal bauð til markaveislu á kveðjustund Wengers og þegar upp var staðið hafði liðið skorað fimm mörk án þess að Jóhann Berg Guðmundsson og liðsfélagar hans hjá Burnley næðu að svara fyrir sig. Jóhann Berg hóf leikinn á kantinum hjá Burnley, en var svo tekinn af velli undir lok leiksins.

Jafntefli Everton gegn Southampton og tap Leicester City gegn West Ham United á laugardaginn þýða að Burnley mun leika í Evrópu-deildinni á næsta tímabili.

Það er afar vel af sér vikið hjá Sean Dyche og lærisveinum hans hjá Burnley að tryggja sér sæti í Evrópu-deildinni. Burnley er að leika aðra leiktíðina í röð í úrvalsdeild eftir að hafa tryggt sér sæti í efstu deild vorið 2016.

hjorvaro@frettabladid.is



Ólafía metur stöðuna fyrir putt á móti fyrr á mótaröðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Ólafía fann sitt fyrra form

GOLF Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, rak heldur betur af sér slyðruorðið þegar hún lék á Volunteers of America Texas Classic-mótinu, sem er hluti af LPGA-mótaröðinni í golfi kvenna, um helgina.

Brösuglega gekk að hefja mótið vegna aftakaveðurs sem var á mótsvæðinu um helgina, en mikið rok, úrhellisrigning og þrumur og eldingar gerðu það að verkum að mótið var stýtt úr fjórum hringjum í tvo. Þannig var hætti við keppni bæði á fimmtudegi og föstudegi. Keppni hófst því á laugardegi og lauk síðan á sunnudegi.

Ólafía Þórunn skrifaði pistil á Facebook-síðu sína í vikunni þar sem hún fór yfir slæmt gengi sitt á mótaröðinni síðustu vikurnar og talaði enn fremur um að hún ætlaði að núllstilla sig og mæta jákvæð til leiks í næstu verkefni sín.

Þessi andlega vinna Ólafíu Þórunnar síðustu daga skilaði sér ræki-lega, en hún lék frábært golf á fyrri hringmótsins. Hún lék fyrri hringinn á 66 höggum, eða fimm höggum undir pari vallarins.

Frábær fyrri hringur

Ólafía Þórunn var í þriðja sæti á mótinu fyrir seinni hringinn og var einungis einu höggi á eftir forystusauðum mótsins. Hún náði hins vegar ekki að fylgja frábærri frammistöðu sinni eftir á seinni hringmótsins.

Hún lék þó ágætlega á seinni hring sínum, en hún þurfti að ljúka hringnum í tveimur atrennum. Ólafía Þórunn lék fyrstu 17 holurnar áður en myrkur skall á sem varð til þess að hún þurfti að ljúka 18. holunni síðar.

Seinni hringinn lék Ólafía Þórunn á 74 höggum, eða þremur höggum yfir pari vallarins. Hún lék því hringina tvo á samtals tveimur

höggum undir pari vallarins.

Sú frammistaða skilaði henni í 28. til 40. sæti á mótinu. Það er afar ánægjulegt að sjá Ólafíu Þórunni leika eins og hún á að sér að gera. Þessi niðurstaða er nálægt besta árangri hennar á mótaröðinni til þessa, sem er 26. sæti á fyrsta mótinu sem haldið var á Bahamaeyjum í janúar.

Hef tekið til í kollinum á mér

„Mér fannst ég höndla það vel að þurfa að biða eftir því að hefja leik. Ég beið bara sallaróleg og tók frestuninni af stóískri ró. Ég var síðan yfirveguð þegar ég byrjaði að spila. Það var gott flæði í spilamennsku minni og mér leið vel,“ sagði Ólafía Þórunn í samtali við heimasíðu LPGA eftir fyrri hringinn.

„Ég sló löngu högginn virkilega vel og ég komst nálægt holunni með teighöggnum mínum. Svo voru þúttin að rata rétta leið að þessu sinni. Það er mjög gaman að ná svona góðri spilamennsku eftir erfiða tíma undanfarið,“ sagði Ólafía Þórunn um frammistöðu sína á fyrri hringnum.

„Mér hefur liðið vel hérna í Texas og ég hef notið mín á meðan ég hef verið hér. Ég hef einbeitt mér mikið að andlega þættinum undanfarið og það er svo sannarlega að skila sér,“ sagði Ólafía Þórunn um dagana sem hún hefur dvalið í Texas.

Mótið um helgina var það áttunda í mótaröðinni á yfirstanandi tímabili hjá Ólafíu Þórunni, en hún hefur komist í gegnum niðurskurðinn á tveimur mótum af sjö.

Næsta verkefni hennar á mótaröðinni er Volvik-mótið sem haldið verður á Travis Pointe Country Club í Ann Arbor í Bandaríkjunum helgina 24. - 27. maí. Það er vonandi að Ólafía Þórunn nái að halda uppteknum hætti þegar þar að kemur.

– hó

Nýjast

Pepsi-deild karla

ÍBV - Fjölnir 1-1

0-1 Valmir Berisha (74.), 1-1 Ágúst Leó Björnsson (85.).

Fylkir - KA 2-1

1-0 Emil Ásmundsson (5.), 2-0 Jonathan Ricardo Glenn (42.), 1-2 Orri Sveinn Stefánsson (sjálfsmark) (51.).

Stjarnan - KR 2-3

1-0 Guðjón Baldvissón (18.), 1-1 Björgvín Stefánsson (45.), 1-2 Pálmi Rafn Pálmason (45.), Hilmar Árni Halldórsson (61.), 2-3 Atli Sigurjónsson (88.).

Efri	Neðri		
Breiðablik	3	Fjölnir	2
Valur	3	Keflavík	1
FH	3	Stjarnan	1
Víkingur	3	KA	1
KR	3	ÍBV	1
Fylkir	3	Grindavík	0

Pepsi-deild kvenna

Grindavík - Þór/KA 0-5

0-1 Sandra María Jessen (8.), 0-2 Arna Sif Ásgrimsdóttir (56.), 0-3 Sandra Mayor (60.), 0-4 Sandra María (81.), 0-5 Sandra María (90+2.).

Efri	Neðri		
Valur	3	KR	0
Þór/KA	3	FH	0
Breiðablik	3	Stjarnan	0
HK/Víkingur	3	Grindavík	0
ÍBV	0	Selfoss	0

Ólis-deild karla, undanúrslit

FH - Selfoss 41-38

FH: Óðinn Þór Ríkhartósson 10, Arnar Freyr Ársælsson 10, Gísli Þorgeir Kristjánsson 8, Ásbjörn Friðriksson 4/1, Jóhann Karl Reynisson 3.

Selfoss: Einar Sverrisson 13/6, Haukur Þrastarson 7, Teitur Örn Einarsson 6, Atli Ævar Ingólfsson 4, Hergeir Grimsson 4.

Staðan í einvignu er 2-2. Úrslitin ráðast í oddaleik á Selfossi á miðvikudaginn.

ÍBV - Haukar 27-25

ÍBV: Agnar Smári Jónsson 6, Sigurbergur Sveinsson 4, Róbert Aron Hostert 4, Friðrik Hólm Jónsson 3, Kári Kristján Kristjánsson 3, Grétar Þór Eypörsson 3, Theodor Sigurbjörnsson 2/1, Daniel Örn Griffin 1, Andri Heimir Friðriksson 1.

Haukar: Hákon Daði Styrmissón 6/3, Adam Haukur Baumruk 5, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 5, Daniel Ingason 4, Jón Þorbjörn Jóhannsson 2.

ÍBV vann einvigið 3-0 og er komið í úrslit.

Aron mun leika í efstu deild

FÓTBOLTI Aron Einar Gunnarsson fylgdist með úr stúkunni þegar lið hans, Cardiff City, tryggði sér sæti í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í lokaumferð B-deildarinnar í gær. Aron Einar var fjarri góðu gamni í leiknum vegna ökkla- og hnémeiðsla.

Cardiff City lék síðast í úrvalsdeildinni keppnistímabilið 2013 til 2014, en Aron Einar lék 23 leiki með liðinu það tímabilið. Cardiff City var þá nýliði í efstu deild og staldraði einungis við í eina leiktíð í deild þeirra bestu. Samningur Arons Einarar við Cardiff City rennur út í sumar, en hann hefur áður gefið það út að hann myndi framlangja samning sinn við félagið ef liðið kæmist upp í efstu deild.

Birkir Bjarnason var sömuleiðis fjarverandi vegna meiðsla þegar samherjar hans hjá Aston Villa lutu í lægra haldi fyrir Millwall í lokaumferð deildarinnar. Tap Aston Villa kom ekki að sök þar sem liðið hafði nú þegar tryggt sér sæti í umspili um sæti í efstu deild á næsta tímabili. Aston Villa mætir Middlesbrough í tveimur leikjum í undanúrslitum umspilsins. – hó

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

- 399 f. Kr.** Gríski heimspekingurinn Sókrates andast. Dánarorsök var eitruð sem hann innbyrði eftir að hafa verið dæmdur til dauða fyrir að spilla ungdómnum og kynna nýja guði til sögunnar.
- 351** Uppreisn gyðinga í Palestínu gegn rómverska landstjóranum Konstantíus Gullus brýst út. Uppreisnin er barin niður endanlega ári síðar.
- 558** Hvelving Hagía Sofía í Konstantínópel, nú Istanbul, hrynur. Hvelvingin var síðar byggð á nýjan leik í sinni upprunalegu mynd.
- 1429** Síðasta umsátursvirki Englendinga við Orléans, Tour-ells, fellur. Jóhanna af Örk verður þjóðhetja í Frakklandi fyrir að fara fyrir áhlaupinu.
- 1664** Bygging Versalahallarinnar hefst að fyrirskipan Lúðvíks XIV Frakkakonungs.
- 1697** Sænska konungshöllin eyðileggst í bruna.
- 1824** Niunda sinfónía Beethovens frumflutt í Vínarborg.
- 1895** Alexander Stephanovich Popov kynnir uppfinningu sína, frumstæðan útvarpsmóttakara, á sýningu í St. Pétursborg.
- 1908** Páll Einarsson er kjörinn fyrsti borgarstjóri Reykjavíkur.
- 1920** Sovétmenn viðurkenna sjálfstæði Georgíu en ráðast síðan inn í landið sex mánuðum síðar og innlima það.
- 1940** Umræða um innrásina í Noreg fer fram í breska þinginu en Bretar höfðu orðið undir í baráttu við Þjóðverja um að hertaka landið. Neville Chamberlain segir af sér sem forsætisráðherra þremur dögum síðar og **Winston Churchill** tekur við.
- 1945** Alfred Jodl skrifar undir uppgjöf Þjóðverja í Rúðuborg og bindur þar með formlegan endi á síðari heimsstyrjöldina.
- 1948** Evrópuþingið er stofnað í Haag.
- 1957** Helen Keller kemur í heimsókn til Íslands.
- 1961** Keflavíkurganga á vegum hernámsandstæðinga gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.
- 1986** Kanadamaðurinn Patrick Morrow verður fyrsti maðurinn til að komast á topp hæsta tinds hverrar heimsálfu.
- 1994** Ópið, málverk Edward Munch, endurheimt óskaddað eftir að því var rænt af þjóðlistasafni Noregs þremur mánuðum áður.
- 2000** Vladimir Pútín sver embættiseið sem forseti Rússlands.



Friðrik Jóseppson unír hag sínum vel hjá Karatefélagi Reykjavíkur og stóðst þar próf til svarta beltisins á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Friðrik byrjaði skjálfandi á beinunum en náði svarta beltinu í karate 69 ára

Friðrik Jóseppson keppti í lyftingum sem ungur maður en meiddist og þurfti að hætta. Eftir það var Friðrik leitandi. Hann fann sig ekki alveg á líkamsræktarstöðvunum en uppgötvaði svo Karatefélag Reykjavíkur. Hann mælir eindregið með íþróttinni fyrir alla. Fram undan hjá Friðriki er að ná sem flestum gráðum svarta beltisins sem nú er í höfn.

Þetta er stórkostlega skemmtilegt," segir Friðrik Jóseppson, sem náði þeim áfanga á föstudag að fá svarta beltid í karate, 69 ára gamall.

„Ég er gamall íþróttarefur og keypti áður fyrr í ólympískum lyftingum og kraftlyftingum í tólf ár, frá 1968 til 1980, en meiddist illa og neyddist til að hætta," útskýrir Friðrik. Eftir þetta hafi hann farið að stunda líkamsræktarstöðvar sem þá voru að ryðja sér til rúms hérlendis.

Friðrik fór í mjaðmaskiptaaðgerð fyrir um átta árum. Þar áður hafði hann farið í aðgerð vegna brjóskloss. „Ég var að reyna að finna mig aftur en gymmið þjónkaði ekki alveg minni lund," segir Friðrik sem kveðst því áfram hafa verið leitandi í þessum efnum. Fyrir sex árum gekk hann inn um dyrnar hjá Karatefélagi Reykjavíkur í kjallaranum á Laugardalslaug.

„Mig minnir að ég hafa séð auglýsingu frá þeim og ég fór þangað skjálfandi á beinunum. Maður vissi ekkert hvernig móttökurnar yrðu, sérstaklega af því að maður er orðinn þetta gamall," lýsir Friðrik upphafinu á karateiðkun sinni. Öttinn reyndist ástæðulaus.

„Mér var tekið alveg forkunnarvel og það er hluti af því að maður er þarna ennþá. Þetta er mjög góður félagskapur og þjálfararnir frábærir," segir Friðrik sem stefndi hátt strax í byrjun og náði því reyndar ári fyrir áætlun.

„Ég setti það markmið að ná svarta beltinu sjötugur. Ég hef gaman af að storka sjálfum mér. Sennilega er það í eðlinu."

Friðrik segir karateiðkunina gefandi. „Maður fann sig að nokkru leyti aftur. Ég gat tekið á því að fullu en maður



Friðrik Jóseppson, ánægður handhafi svarta beltisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Maður vissi ekkert hvernig móttökurnar yrðu, sérstaklega af því að maður er orðinn þetta gamall.

Friðrik Jóseppson, svartabeltishafi, starfsmaður íþróttahússins í Breiðholtsskóla og fyrrverandi rafvirki

hafði eiginlega aldrei beitt sér í þessum gymnum. Þar gat maður verið einn innan um fullt af fólki en hér er miklu meiri félagskapur," segir hann.

Þótt Friðrik sé örugglega með elstu mönnum til að ná svarta beltinu í karate á Íslandi og viti ekki um neinn eldri sjálfur að minnsta kosti á hann enn mikið eftir. „Þetta var það sem kall- að er fyrsti dan en það er níu gráðanir eftir í svarta beltinu. Svo ég er rétt að byrja. Það er gulrót að fara í gráðunina eftir önnina. Er á meðan er."

Karate er íþrótt fyrir alla að sögn Friðriks. „Ég mæli eindregið með þessu. Þetta hentar öllum og fólk ætti endilega að koma og prófa." gar@frettabladid.is



Okkar ástkæri

Magnús Þór Gunnarsson
byggingataeknifraeðingur,

verður jarðsúnginn frá Lindakirkju í Kópavogi miðvikudaginn 9. maí, kl. 13.

Marín Kristjánsdóttir
Karl Viðir, Daði Hrafn og Linda
Jóhanna, Gunnar og fjölskyldur

Fyrirtækið er 50 ára í ár

**Netverslun og
símaþjónusta**



s. 553 1099 • blomabud.is • blomabud@blomabud.is

SAMSUNG

Gott úrval af gæðavörum

Verið velkomin í Lág múla 8



Kælikápur 202cm
RB36J8035SR

Stál. Heildarrými: 357 lítrar.
Kælrými: 247 lítrar. Frystirými:
110 lítrar. Mál B-H-D í mm:
595 x 2017 x 597

Verð: 149.900,-



Tvöfaldur Kælikápur
RS7567THCSR

Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kælrými:
361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin
Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál
B-H-D í mm: 912 x 1789 x 754.

Verð: 189.900,-



Tvöfaldur Kælikápur
RH56J6917SL

Stál. Heildarrými: 555 lítrar. Kælrými: 376 lítrar.
Frystirými: 179 lítrar. Klakavél. Twin Cooling,
aðskilin kælikerfi.

Mál B-H-D í mm: 912 x 1794 x 732.

Verð: 279.900,-



Tvöfaldur Kælikápur
RFG23UERS1

Stál. Heildarrými: 520 lítrar. Kælrými: 396 lítrar.
Frystirými: 124 lítrar. Twin Cooling, aðskilin
kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm:
908 x 1774 x 774.

Verð: 289.900,-



WF70 Þvottavél
7 KG. 1400 SN.

Eco Bubble
Verð 59.900,-



DV70 Þurrkari
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.

Verð 89.900,-

Við seljum eingöngu
SAMSUNG
með kolalausum mótör
með 10 ára ábyrgð

ecobubble™
TECHNOLOGY

**HVAÐ ER
ECO BUBBLE?**
Leysir upp þvottaduft
undir þrýstingi og
myndar kvoðu,
svo duftið leysist upp
á um það bil 15 mín,
í stað 30-40 ella.



WW80 Þvottavél
8 KG. 1400 SN.

Eco Bubble
Verð 69.900,-



DV80 Þurrkari
8 kg barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.

Verð 109.900,-

Uppþvottavél í sérflokkki með Waterwall tækni



Verð 134.900,-



Framhlíð úr burstuðu
stáli / Stillingar ofan á
hurð, blár litur / Tekur 14
manna stell / 7 þvottakerfi
/ Startímaseinkun
/ Orkunýtni A++ /
Orkunotkun á ári (kWst)
: 266 / Hjóðlát aðeins
41db / Stíllanleg efrigrind
/ Grind efst fyrir hnífapör
með sérstökum "FLEX"
bakka / 2 þvottaarmar +
"WATERWALL" / Stærð
(h x b x d): 817 x 598 x
575 mm

Örbylgjuofnar af betri gerðinni

SAMSUNG MS23-F301EAS



800w

Örbylgjuofn
Keramik-emeleraður að innan
Verð kr. 18.900,-

SAMSUNG MS28J5255UB



1000w

Örbylgjuofn
Keramik-emeleraður að innan
Verð kr. 27.900,-

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

OPIÐ
LAUGARDAGA
KL. 11-15

SAMSUNG
S E T R I Ð


NÚ TIL HÚSA Í
LÁGMÚLA 8

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUBÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NEKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	---	--	---	--	------------------------------------	--

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Sunnan og síðar suðaustan 5-13 með rigningu og súld á morgun, einkum síðdegis. Á Norður- og Austurlandi verður lítil eða engin úrkoma. Hiti 4 til 10 stig að deginum, mildast norðaustan til.



Þriðjudagur

Reykjavík 8° ← 5	Ísafjörður 4° ← 4	Akureyri 6° ← 5
Egilsstaðir 2° ↓ 6	Kirkjubæjarkl. 7° ← 8	Hveravellir 2° ↓ 3

Miðvikudagur

Reykjavík 7° ← 11	Ísafjörður -1° ← 13	Akureyri 1° ← 6
Egilsstaðir 4° ↓ 6	Kirkjubæjarkl. 5° ← 12	Hveravellir 1° ← 10

LÉTT

	5	6		1		7	
		1			6	5	8
8	9					2	6
9		7	6				8
	8	4		2			3
3			1				
6		5			1		9
	2		9			4	
				4			

MIDLUNGS

		7		2	8	1	
		2			6		3
		6			5		
			7			2	4
	1			9			
9				6		7	8
5	6	8		1			2
3					7		1
2				8	9		

PUNG

							9
		8			2	5	3
2	4			8			
	9		4		3	7	
7					1		2
8	4						
	6			7		3	
			2	1			4
9							7

Krossgáta

LÁRÉTT

- sella
- lélegur
- tveir eins
- riki í friku
- átt
- eldur
- snap
- ókyrrð
- tínsla
- skráning

LÓDRÉTT

- sárasótt
- rannsaka
- sarg
- stöðvun
- dottinn
- ekki beinlínis
- illmenni
- pípa
- tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. fruma, 5. rýr, 6. ft, 8. Angóla, 10. na, 11. fállinn, 9. óbeint, 12. bóll, 14. rón, 16. uu.
LÓDRÉTT: 1. fransós, 2. rýna, 3. urg, 4. aflið, 7. Bál, 12. bein, 13. óró, 15. söfnun, 17. rítun.

Skák Gunnar Björnsson

Geller átti leik gegn Garriga í Las Palmas árið 1979.

Hvítur á leik

1. Dxf7! Hxf7 2. Rxe6! Ke8 3. Rd6# 1-0. Landsmótið í skóla-skák fór fram um helgina. Birkir Ísak Jóhannsson sigraði í eldri flokki. Fjórir keppendur urðu efstir og jafnir í yngri flokki og þurfa að há aukakeppni um sigurinn.
www.skak.is: Allt um Landsmótið.



3	2	8	1	5	9	7	6	4
4	6	5	2	7	3	1	9	8
7	1	9	4	6	8	2	3	5
5	7	1	6	9	4	8	2	3
8	4	6	3	2	5	9	1	7
9	3	2	7	8	1	4	5	6
6	8	3	9	1	7	5	4	2
1	5	4	8	3	2	6	7	9
2	9	7	5	4	6	3	8	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Gelgjan

Barnalán

Guðni og Mary í góðu stuði í Seattle

Forsetahjónin Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid eru stödd í Bandaríkjunum þar sem þau voru meðal annars við opnun á Norræna safninu í Seattle.



Anders Samuelsen, utanríkisráðherra Danmerkur, Mary, Guðni Th. og Eliza brostu sínu breiðasta. Í bakgrunni má sjá Geir Haarde. NORDICPHOTOS/GETTY

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Eliza Reid forsetafrú eru stödd þessa dagana í Bandaríkjunum og voru viðstödd opnun Norræna safnsins í nýrri byggingu þess í Seattle í Bandaríkjunum. Við þetta tækifæri flutti forsetinn ávarp og las meðal annars upp ljóð eftir Jónínu Jónsdóttur áður en hann klippti á borðann til að opna safnið með formlegum hætti.

Forsetahjónin sóttu svo hátíðarkvöldverð í boði safnsins og skoðuðu það í fylgd forstjóra þess og Mary, krónprinsessu Danmerkur.

Þau hittu einnig félagi í karlakórnum Fóstbræðrum, maka þeirra og fulltrúa Íslendingafélagsins í Seattle við minnismerkið um Leif Eiríksson við Puget-sund. Kórinn tók lagið við þetta tækifæri og söng til heiðurs forsetafrúnni í tilefni af afmæli hennar.



Vel fór á með þeim Elizu Reid og Mary krónprinsessu þegar safnið var opnað. NORDICPHOTOS/GETTY

Þá fóru hjónin á fund með stjórnendum hjá Microsoft-fyrirtækinu í Seattle. Eftir að hafa skoðað sýndarveruleikabúnað, sem notaður er til

Ljóðið sem Guðni las

Yet, I have a shelter,
that never fails,
where my weary spirit
always wanders.
Let me not,
sweet Lord,
lose that haven,
as long as I live

þjálfunar á skurðlæknum, var forseta kynnt verkefni fyrirtækisins á sviði sjálfvirkar textaþýðingar.

Fram kom að sérfræðingar Microsoft hafa náð umtalsverðum árangri í gerð þýðingakerfis fyrir íslenskt ritmál og greindi forseti frá áhuga íslenskra stjórnvalda á að tryggja sess íslenskrar tungu í heimi hugbúnaðar. Meðal þátttakenda í umræðunum voru tveir fulltrúar Almennaróms, þau Guðrún Nordal og Vilhjálmur Þorsteinsson. – bb

Brettatjakkar
Kynningarverð:
43.179 kr. m/vsk

RMI
OFNASMIDJAN

s. 511 1100 | www.rymi.is

30% afmælisafsláttur á Heliosa hiturum í maí 2018

HELIOSA hitarar henta bæði innan- og utandyra. Helstu kostir HELIOSA hitara eru:

- Hitna strax
- Vindur hefur ekki áhrif
- Vatnsheldir og menga ekki

Margar gerðir til á lager.

30 ÁRA 2018

Flísabúðin

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

midi.is

Vinsælir viðburðir framundan

Miðakaup á www.midi.is



Foreigner á Íslandi
Laugardalshöll - 18. maí



Dúndurfréttir
Bæjarbíó - 24. maí



Todmobile
Bæjarbíó - 11. maí



Prins Póló
Bæjarbíó - 18. maí



Eyjafjörðurinn er einn fegursti staður landsins og bestu listamenn hans verða í Iðnó dag vegna Listar án landamæra.

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

7. MAÍ 2018

Viðburðir

Hvað? Það besta að Norðan – Listræn veisla úr Eyjafirði
Hvenær? 20.00
Hvar? Iðnó, Vonarstræti
List án landamæra býður til listrænnar veislu með bestu listamönnum Eyjafjarðar með áherslu á leiklist og tónlist. Veislan verður í Iðnó. Leiklestur á völdum brotum úr stórbrotnum leikverkum fjölistamannsins Atla Viðars Engilbertssonar. Hannes Óli Ágústsson tók brotin saman. Meðal leikara sem leiklesa eru Aðalbjörg Árnadóttir, Edda Björgvinsdóttir, Hannes Óli Ágústsson og Harpa Arnadóttir. Hin hæfileikaríka Fnjósk mun flytja gestum lög sín. Hljómsveitin Eva ætlar að taka örfá vel valin lög úr sinni smíðju.

Sýningar

Hvað? Opnunarhátíð í Vatnshelda galleriinu
Hvenær? 17.00
Hvar? Laugarnesveg 91
Splunkunýtt galleri – fimm opningar á fimm dögum.

Hvað? Útskriftarsýning BA-nemenda í hönnun, arkitektúr og myndlist
Hvenær? 10.00
Hvar? Kjarvalsstöðum
Útskriftarsýning bakkalárnema í arkitektúr, hönnun og myndlist á Kjarvalsstöðum. Verslun nemenda verður opin á meðan á sýningunni stendur. Þar verða til sölu sýningarskrá myndlistardeildar, bók með verkum útskriftarnema í arkitektúr ásamt ýmiss konar varningi og verkum nemenda sem tengjast útskriftarverkefnum þeirra.

Hvað? Kynjaverur – myndasögusýning
Hvenær? 10.00
Hvar? Borgarbókasafni Tryggvagötu



Hrafnhildur Arnadóttir / Shoplifter hefur gert sig heimakomna í Ásmundarsafni þar sem nokkur verka hennar eru sýnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Úrslit í myndasögusamkeppni Borgarbókasafnsins voru tilkynnt síðasta laugardag og um leið var opnuð sýning á völdum sögum sem bárust í keppnina. Hún verður opin til 27. maí.

Hvað? Opnun – Teikning I
Hvenær? 14.00
Hvar? Bókasafni Menntavísindasviðs, Stakkahlíð
Í dag verður opnuð sýning á litblýantsteikningum Þorbjörns Helgasonar. Þorbjörn er 14 ára, var að ljúka við 9. bekk og er með CP. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann teiknað ógrynni mynda og hefur með tímanum skapað sér ákveðinn stíl. Umfjöllunarefni eru af ýmsum toga, en þó ber mikið á manna- og fígúrumyndum og húmorinn er aldrei langt undan. Oft tekur hann fyrir fólk sem á einhverni hátt er þekkt úr fjölmiðlum. Hann hefur til að mynda stúderað persónugallerí Fóstbræðra, ofurhetjur, tónlistarmenn og leikara og alla forseta Bandaríkjanna. Á sýningunni fáum við að sjá úrval bestu teikninga hans frá síðustu 2-3 árum sem eru skemmtilega fjölbreyttar.

Hvað? Fjölþing | Ljósmyndasýning
Hvenær? 13.00
Hvar? Borgarbókasafnið | Menningarhús Gerðubergi
Myndlistarkonan Hildur Björnsdóttir sýnir ljósmyndir og innsetningar frá ferðum sínum um Asíu. Hún hefur á undanförunum árum ferðast víða um Asíu og kynnst fjölbreyttri menningu, trúarbrögðum og lífsháttum. Sýningin býður áhorfandanum í heimspækilegt ferðalag á framandi slóðir.

Hvað? Erró: Því meira, því fegurra
Hvenær? 10.00

Hvar? Hafnarhúsinu
Á þessari sýningu er varpað sérstöku ljósi á verk Errós sem byggjast á ofgnótt og ofmettun. Slík myndgerð hefur alla tíð verið mikilvægur þáttur í listsköpun hans og má rekja aftur til ungdomsverka hans. Meira en þrjátíu verk úr Errósafni Listasafns Reykjavíkur – málverk, klippimyndir og kvikmyndir – sýna hvernig listamaðurinn skapar flókna og hlaðna myndbyggingar, sem miðla myndefni tengdu stjórnmálum, vísindum, skáldskap og listasögu.

Hvað? Innrás II: Hrafnhildur Arnadóttir / Shoplifter
Hvenær? 10.00
Hvar? Ásmundarsafni
Verk Hrafnhildar Arnadóttur / Shoplifter eru allt í senn rómantísk, kjánaleg, myndin og falleg. Hún hefur leikið sér með andstæður, finlega efnisnotkun og handverk ásamt ofhlæði og afkára-leika.

Hvað? Tak í lige máde – Samtímalist frá Danmörku
Hvenær? 10.00
Hvar? Hafnarhúsinu
Árið 2018 eru 100 ár liðin frá því að Ísland hlaut fullveldi sem markaði veg landsins til sjálfstæðis undan dönskum yfirráðum. Listasafn Reykjavíkur minnst þessara tímamóta með því að bjóða valinkunnum dönskum samtímalistamönnum að sýna í safninu. Mikil gerjun á sér stað í danskri myndlist, ekki síst í ljósi breyttrar heimsmýndar í pólitísku og samfélagslegu tilliti. Þær hræringar endurspeglast í allri listsköpun og gestir fá innsýn í þær í nýjum verkum frá frændum okkar og fyrrum herrabjód Íslendinga.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hvað? D33 Anna Fríða Jónsdóttir – Tónn
Hvenær? 10.00
Hvar? Hafnarhúsinu
 Á ferðalögum sínum hefur Anna Fríða leitað eftir samhljómi í umhverfinu, þar sem hún hlustar eftir einstökum tónum. Hún skoðar veröldina í kringum sig eins og úrval af hljóðfærum þar sem ýmislegt er í boði; pákur, pianó, bjöllur og strengir. Hún fangar þessar hljóðbylgjur og býr þeim til form í verkum sínum. Hún gerist hljómveitarstjóri náttúrunnar þegar hún stendur uppi á trjából og stjórnar skógarsinfóniu, býr til tónlist úr heilabylgjum og reynir að hafa áhrif á þær með rödd sinni, smíðar tónverk úr snörpum vindhviðum og undirtónum öldunnar.

Tónlistarparið Lisa Knapp og Gerry Diver í Hörpu

Þjóðlagatónlistarhjólin Lisa Knapp og Gerry Diver, sem eru meðal þeirra fremstu í flokki þjóðlagatónlistarmanna á Bretlandseyjum um þessar mundir, halda tónleika í Hörpu á morgun. Þau hafa saman og hvort í sínu lagi vakið athygli fyrir sína nýstarlega og skapandi nálgun að enskri og írskri tónlistarhefð.

Lisa Knapp hefur hlotið BBC 2 Folk Award og hefur nýjasta plata hennar, Till April is dead, fengið lofsamlega dóma í The Guardian, Mojo, fRoots og fleiri miðlum. Meðal þeirra er koma við sögu á

þeirri plötu eru skáldið og listamaðurinn David Tibet og Graham Coxon úr Blur.

Írski fiðluleikarinn Gerry Diver á djúpar rætur í keltneskri tónlist en er einnig mjög virtur og eftirsóttur upptökustjóri í London og hefur í seinni tíð unnið náð með ýmsum á borð við Youth og Tom Robinson. Hann hefur einnig vakið athygli fyrir verk sitt The Speech Project þar sem hann tvinnar saman frásagnir og hugmyndaheim merkra einstaklinga úr írskum þjóðlagahæmi og tónlist.

ÞAU HAFU SAMAN OG HVORT Í SÍNU LAGI VAKIÐ ATHYGLI FYRIR NÝSTARLEGA OG SKAPANDI NÁLGUN AÐ ENSKRI OG ÍRSKRI TÓNLISTARHEFÐ.

Þau Lisa og Gerry munu heiðra gesti Hörpu, nánar tiltekið Kaldalóns, með nærveru sinni á morgun kl. 20.30 í boði Heimstónlistarklúbbsins sem er styrktur af Reykjavíkurborg og Tónlistarsjóði. – bb



Lisa Knapp hefur fengið góða dóma fyrir nýjstu plötu sína.

RÝMINGARSALA

YFIR 300 FARTÖLVUR • MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

15" FHD IPS

50.000 Afsláttur

GTX 1050Ti
4GB með 768 CUDA Cores
INTEL i7 7700HQ
3.8GHz Turbo Quad Core örgjörvi
8GB minni
DDR4 2400MHz
512GB SSD
NVMe diskur

PREDATOR 300
Úr nýrri leikjalínu Acer kemur þessi öfluga leikjafartölva með Aero Blade kælingu
149.900
VERÐ ÁÐUR 199.990

17" FHD IPS

80.000 Afsláttur

GTX 1060
6GB með 1280 CUDA Cores
INTEL i7 7700HQ
3.8GHz Turbo Quad Core örgjörvi
16GB minni
DDR4 2400MHz
512GB SSD
NVMe diskur

PREDATOR 300
Ein öflugasta Predator leikjafartölva með GTX 1060 VR Ready öflugu leikjaskjækorti
199.900
VERÐ ÁÐUR 249.990

17" FHD IPS

80.000 Afsláttur

GTX 1070
8GB með 1920 CUDA Cores
INTEL i7 7700HQ
3.8GHz Turbo Quad Core örgjörvi
16GB minni
DDR4 2400MHz
512GB SSD
og 1TB harðdiskur

OMEN by HP
Flaggskipið í leikjafartölvum frá HP með einstakan G-SYNC 120Hz leikjaskjá
269.990
VERÐ ÁÐUR 349.990

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
 Löggiltur rafverktaki
 Sími: **696 5600**
 rafsol@rafsol.is

RAFSÓL
 Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
 Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

30.000 Afsláttur
Aðeins 50 stk í á mann!

15" HD LED
1366x768 AntiGlare skjár
INTEL N3350
2.4GHz Dual Core örgjörvi
4GB minni
DDR3 1600MHz
128GB SSD
diskur

RÝMINGARSALA
Meðan birgðir endast

20.000 Afsláttur
Aðeins 20 stk í á mann!

14" FHD IPS
1920x1080 AntiGlare skjár
AMD A9 9420
3.6GHz Turbo Dual Core örgjörvi
4GB minni
DDR4 1866MHz
256GB SSD
M.2 diskur

RÝMINGARSALA
Meðan birgðir endast

40.000 Afsláttur
Aðeins 50 stk í á mann!

14" FHD IPS
1920x1080 Fjalsnerliskjár
Intel i5 8250U
3.4GHz Turbo Quad Core örgjörvi
8GB minni
DDR3 2133MHz
256GB SSD
NVMe diskur

RÝMINGARSALA
Meðan birgðir endast

LENOVO IDEAPAD V110
Flött fartölva í skólann með 15" skjá og hröðum SSD disk
39.990
VERÐ ÁÐUR 69.990

HP Notebook 14
Glæsileg örbunn og aðeins 1.7KG með 10 tíma rafhlöðu
69.990
VERÐ ÁÐUR 89.990

ACER SWIFT 5 2018
Ultrathin og aðeins 970gr úr físléttu Magnesium áli
129.990
VERÐ ÁÐUR 169.990

ALLT AÐ 80.000 Afsláttur
AF HP FARTÖLVUM

ALLT AÐ 50.000 Afsláttur
AF ACER FARTÖLVUM

ALLT AÐ 40.000 Afsláttur
AF LENOVO FARTÖLVUM

ALLT AÐ 20.000 Afsláttur
AF CHROMEBOOK FARTÖLVUM

Allt að 90% Afsláttur
Af töskum og bakpokum

TOLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Útsölutilboð gilda 2-31. maí eða meðan birgðir endast.

FOSSBERG
tilboðsblað fylgir Fréttablaðinu í dag

FOSSBERG
IDNABARVORUR OG VERKFERI

Fossberg ehf. • Duggapöpi • 104 Reykjavík • Sími 5757 000 • fossberg@fossberg.is • www.fossberg.is

DAGSKRÁ

Mánudagur



FYRIR ÍSLAND

KL. 20:10

Gummi Ben heimsækir strákana okkar og hitar upp íslensku þjóðina fyrir Heimsmeistaramótið í Rússlandi í sumar. Í þætti kvöldsins heimsækir Gummi þá Jóhann Berg, Albert Guðmundsson, Kolbein Sigþórsson, Kjartan Henry og Viðar Kjartansson og spyr þá spjörum um landsliðið, framtíðina og HM.

Magnað Mánudagskvöld

Fáðu þér áskrift á **365.is**

WESTWORLD

KL. 22:20

Mannleg vélmeni sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðins-skemmtigarði. Í síðustu þáttaröð kom í ljós galli í vélmennum sem hafði ógnvænlegar afleiðingar í för með sér. Þátturinn er heimsfrumsýndur á sunnudögum klukkan 1 eftir miðnætti.

BROTHER VS. BROTHER

KL. 19:25

Bræðurnir Jonathan og Drew taka hús algerlega í gegn frá grunni, hvor með sínu liði. Í lokin setja þeir húsín á sölu og sá sem græðir meira á sölnunni stendur uppi sem sigurvegari.



SUITS

KL. 20:50

Skemmtilegir og stórgóðir þættir um klækjarefina á lögmannsstofunni sem fara ekki alltaf eftir bókinni.



Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Strákarnir
07.45 The Middle
08.05 2 Broke Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Hell's Kitchen
10.20 Masterchef USA
11.05 Empire
11.50 Kevin Can Wait
12.15 Gatan mín
12.35 Nágrannar
13.00 The X Factor UK
14.35 The X Factor UK
15.20 The X Factor UK
16.40 Friends
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
20.05 Fyrir Ísland Gummi Ben hittir leikmenn íslenska landsliðsins í knattspyrnu og kynnist strákunum okkar ásamt því að sjá hvernig þeir búa í heimi atvinnumannsins, æfa og spila. Hvers vegna er Ísland, minnsta þátttökupjóð í sögu keppinnar, komið í úrslitakeppni HM í knattspyrnu? Strákarnir svara þessu og segja frá því sem þeir hafa þurft að leggja á sig frá unga aldri til að vera komnir á þann stað sem þeir eru núna á.
20.45 Suits
21.30 S.W.A.T. Hörkuspennandi nýir þættir sem fjalla um liðsforingjann Daniel Harrelson sem er í sersveit lögreglunnar í Los Angeles.
22.15 Westworld
23.15 Lucifer
00.00 60 Minutes
00.45 Timeless
01.25 Unsolved. The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.
02.10 Blindspot
02.55 Strike Back
03.45 The Blacklist. Redemption
04.30 Triple 9
06.20 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Barcelona - Real Madrid
08.40 Messan
09.40 Manch. City - Huddersfield
11.25 Chelsea - Liverpool
13.10 Arsenal - Burnley
14.55 Messan
15.55 La Liga Report
16.25 Barcelona - Real Madrid
18.05 Spænsku mörkin
18.35 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur
19.00 Pepsi deild karla
21.15 Pepsimörkin
22.15 Football League Show
22.45 Haukar - ÍBV
00.15 Seinni bylgjan
00.45 Pepsimörk kvenna

STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Cardiff - Reading
08.40 Pepsi deild karla
10.20 Pepsi deild karla
12.00 PL Match Pack
12.30 Leicester - West Ham
14.10 Watford - Newcastle United
15.50 Bournemouth - Swansea
17.30 Messan
18.30 Football League Show
19.00 Haukar - ÍBV
21.00 Seinni bylgjan
21.30 Pepsimörk kvenna
22.30 Spænsku mörkin
23.00 Pepsi deild karla
01.10 Pepsimörkin

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-iðFM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

STÖÐ 3

19.10 The Goldbergs
19.35 Anger Management
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Silicon Valley
21.15 Famous In Love
22.00 Empire
22.45 The Last Man on Earth
23.10 The Americans
00.00 Supernatural
00.45 The Goldbergs
01.10 Seinfeld
01.35 Friends
02.00 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Strumparnir
07.25 Hvellur keppnisbill
07.37 Ævintýraferðin
07.49 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Stóri og Litli
08.13 Tindur
08.27 Zigby
08.38 Mæja býfluga
08.50 Kormákur
09.00 Könnuðurinn Dóra
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.47 Doddi litli og Eyrnastór
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveinsson
10.49 Lalli
10.55 Rasmus Klumpur og félagar
11.00 Strumparnir
11.25 Hvellur keppnisbill
11.37 Ævintýraferðin
11.49 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Stóri og Litli
12.13 Tindur
12.27 Zigby
12.38 Mæja býfluga
12.50 Kormákur
13.00 Könnuðurinn Dóra
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.47 Doddi litli og Eyrnastór
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveinsson
14.49 Lalli
14.55 Rasmus Klumpur og félagar
15.00 Strumparnir
15.25 Hvellur keppnisbill
15.37 Ævintýraferðin
15.49 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Stóri og Litli
16.13 Tindur
16.27 Zigby
16.38 Mæja býfluga
16.50 Kormákur
17.00 Könnuðurinn Dóra
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.47 Doddi litli og Eyrnastór
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveinsson
18.49 Lalli
18.55 Rasmus Klumpur og félagar
19.00 Emil í Kattholti

Mörgæsirnar frá Madagaskar, 09.24, 13.24 og 17.24



GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour
10.30 Inside the PGA Tour
10.55 PGA Tour
15.55 PGA Tour
18.25 PGA Highlights
19.20 PGA Tour

STÖÐ 2 BÍÓ

11.55 Song One
13.25 Before We Go
15.00 Lullaby
16.55 Song One
18.25 Before We Go
20.00 Lullaby
22.00 Bridge Of Spies Spennumynd frá 2015 með Tom Hanks í aðalhlutverki. Myndin segir sanna sögu lögfræðingsins James Britt Donovan sem í kjölfar þess að hafa varið Rudolf Abel og forðað honum frá dauðarefsingu árið 1957 varð aðalsamningamaður Bandaríkjanna þegar Sovéttmenn handsömuðu flugmanninn Francis Gary Powers árið 1960 og vildu skipta á honum og Rudolf. Á sama tíma höfðu austurþýsk yfirvöld hneppt í fangelsi ungan bandarískan námsmann að nafni Frederic Pryor og ákært hann fyrir njósnir og James ákvað að fara fram á frelsi hans líka í skiptum fyrir frelsi Rudolfs.
00.20 The Nice Guys
02.15 Stretch
03.50 Bridge Of Spies

RÚV

16.35 Borgarsýn Frimanns
16.50 Silfríð
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Elías
18.12 Letibjörn og læmingjarnir
18.19 Alvin og íkornarnir
18.30 Millý spy
18.37 Uss-Uss!
18.48 Gula treyjan
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kosningamálin
19.55 Menningin
20.05 Hafíð, bláa hafíð
21.10 Sýknaður
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Saga HM: Frakkland 1998
23.50 Kosningamálin
00.10 Menningin
00.15 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS


08.00 King of Queens
08.25 Dr. Phil
09.05 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
09.45 The Late Late Show with James Corden
10.25 Síminn + Spotify
13.10 Dr. Phil
13.50 Superior Donuts
14.15 Madam Secretary
15.00 Speechless
15.25 Will & Grace
15.45 Strúktúr
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
19.00 The Late Late Show with James Corden
19.45 The Good Place
20.10 Jane the Virgin
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Blue Bloods
22.35 Snowfall
23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
May 8, 2018
00.45 CSI
01.30 Madam Secretary
02.15 For the People
03.05 The Assassination of Gianni Versace
03.50 Shots Fired

ALLAR FERÐATÖSKUR

35% VILDAR AFSLÁTTUR



KOMDU Í HEIMSÓKN & GERÐU **GÓÐ KAUP!**



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 9. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

OFNÁ
SUNNUÐAGURMI
DORMA SMÁRATÖRGI

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Vikutilboð
3. til 10. maí

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

NATURE'S SUPREME
heilsurúm m/Classic botni



Nature's Bedding

TILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

Stærð í cm	Fullt verð	Tilboðsverð
160x200	134.900	101.175
180x200	149.900	112.425

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m²
- Vandaðar kantstyrkingar



TILBOÐ
40%
AFSLÁTTUR

PURE COMFORT
hvít teygjulök

Stærðir	Fullt verð	Tilboðsverð
80/100 x 200/220 x 35	2.990 kr.	1.794 kr
90/100 x 200/220 x 35	3.490 kr.	2.094 kr
120/140 x 200/220 x 35	3.990 kr.	2.394 kr
160 x 200/220 x 35	4.990 kr.	2.994 kr
180/200 x 200/220 x 35	5.490 kr.	3.294 kr

Frábært verð!



TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

PURE COMFORT
Fibersængur & -koddi

Stærðir	Fullt verð	Tilboðsverð
Sæng 140 x 200 cm (300 gr.)	9.900 kr.	6.930 kr.
Sæng 200 x 220 cm	12.900 kr.	9.030 kr.
Sæng 260 x 200 cm	14.900 kr.	10.430 kr.
Koddi 50 x 70 cm	3.900 kr.	2.730 kr.

Frábært verð!

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast



Jóhanna Guðrún og Max Petrov skömmu eftir að tilkynnt var um sigurvegara í Allir geta dansað. MYND/ATLI BJÖRGVINSSON

Jóhanna og Max unnu Glimmerbikarinn

Söngkonan **Jóhanna Guðrún Jónsdóttir** og Max Petrov sigruðu í gærkvöldi í Allir geta dansað, dansþætti Stöðvar 2. Jóhanna og Max fengu fullt hús stiga frá dómnefndinni í úrslitabættinum.

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir og Max Petrov hrósuðu sigri í sjónvarpsþættinum Allir geta dansað sem lauk á Stöð 2 í gærkvöldi. Dansarið dansaði paso doble við lagið Granada En Flor með Paco Pena og svo samba við lagið Baila baila með Angela Via. Fengu þau fullt hús stiga frá dómnefndinni.

Dómararnir voru í gjafastuði og dældu tíum út eins og enginn væri morgundagurinn. Ebba Guðný og Javi Valino fengu eitt fullt hús og Arnar Grant og Lilja Guðmundsdóttir fengu fullt hús stiga fyrir vampírudansinn sinn sem heppn- aðist vel.

Jóhanna Guðrún var sjálf að melta þessa niðurstöðu þegar Fréttablaðið náði tali af henni. „Ég held að við séum að melta að þetta hafi gerst. Ég bjóst alls ekki við þessu og er ótrúlega þakklát, glöð og meyr.“

Hún segir að það liggi mikil vinna á bak við hvern þátt og hún sé búin að læra mikið af þessu ferli, að taka þátt í þáttaröðinni. „Ég er búin að læra alveg óendanlega mikið af þessu sem ég mun klárlega taka út í minn söngferil. En þetta er falletur

ÉG HELD AÐ VIÐ SÉUM AÐ MELTA AÐ ÞETTA HAFI GERST. ÉG BJÓST ALLS EKKI VIÐ ÞESSU OG ER ÓTRÚLEGA ÞAKKLÁT, GLÖÐ OG MEYR.

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir

endur á þessu ævintýri.“

Hún hrósar einnig fólkinu sem vinnur á bak við tjöldin. „Þetta er búið að vera geggjað frá a-ö. Þetta er vandað og mér finnst allir hafa staðið sig ótrúlega vel við að gera gott sjónvarpsefni. Þegar Íslendingar kaupa erlent og gera að íslensku þá hefur það heppnast stundum vel og stundum ekki en þessi seria finnst mér hafa heppnast upp á tíu. Ég er mjög stolt af að hafa tekið þátt og enda sem sigurvegari með Max. Sé svo sannarlega ekki eftir að hafa sagt já þegar ég var beðin um að taka þátt.“ benediktboas@365.is



KAREN REEVE DÓMARI UM JÓHÖNNU GUÐRÚNU

Karen Reeve, danskennari og dómari í Allir geta dansað, á langan feril að baki í danskeppnum og varð heimsmeistari árið 2003 ásamt eiginmanni sínum, Adam Reeve. Hún gaf sitt álit á Jóhönnu Guðrúnu og frammistöðu hennar í þættinum. „Jóhanna er algjörliga einstök og hefur frá fyrsta þætti og að lokabættinum sýnt hvað hún hefur mikið keppnis- skap og mikinn vilja og dugnað. Hefur ætlað sér alla leið.“

Skandinavískar mjaðmir

Tíu danspör hófu leik í Allir geta dansað sem hófst þann 11. mars og var fyrirkomulagið þannig að ein þjóðþekkt manneskja og fagdansari voru pörðu saman. Dómnefndin var skipuð Selmu Björnsdóttur, Karen Reeve og Jóhanni Gunnari Arnarssyni. Þættirnir slógu strax í gegn og orðatiltækið skandinavískar mjaðmir varð strax að stórum smelli í íslensku máli.



Óskar Jónasson og Thelma Rut Sigurðardóttir fóru fyrst, svo Hrafnhildur Lúthersdóttir og Jón Eypór Gottskálksson, þriðja parið til að kveðja var þau Sölvi Tryggvason og Ástrós Traustadóttir, þá Jón Arnar Magnússon og Hrefna Dís Hall-

Verður Höddi Magg í seríu tvö?

dórsdóttir, Lóa Pind Aldísardóttir og Sigurður Már Atlason kvöddu næst og í síðasta þætti kvöddu þau Hugrún Halldórsdóttir og Daði Freyr Guðjónsson.

Strákarnir í Brennslunni, morgunþætti FM957, spurðu fylgjendur sína á Twitter hverjir ættu að vera í annarri þáttaröð. Komu ýmis nöfn upp úr hattinum, meðal annars Hörður Magnússon íþróttafretta- maður, leikarinn Júlíus Brjánsson og knattspyrnuþjálfarinn Guðjón Þórðarson.

- bb

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Elmar Hallgríms Hallgrímsson elmar@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Valdimar Birgisson valdimar@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFTIR: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is og Ragnheiður Tryggvadóttir heidar@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

UPPSELT Í STÚKU



FOREIGNER

LAUGARDALSHÖLL | 18. MAÍ 2018

**I WANT TO KNOW WHAT LOVE IS • COLD AS ICE
WAITING FOR A GIRL LIKE YOU • URGENT
SAY YOU WILL • DOUBLE VISION • JUKE BOX HERO**

**EKKI MISSA
AF ÞESSU**

**MÍÐASALA Í FULLUM
GANGI Á MIDI.IS**

 / FOREIGNER Á ÍSLANDI


VÍKING
BRUGGHÚS

 Vista Expo

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800

Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Láru G.
Sigurðardóttur



Gufurnar

Ef Ingólfur Arnarson væri að velja nafn á höfuðborg Íslands í dag yrði Reykjavík líklega aftur málið. Í stað jarðhitagufu sæi hann manngerða gufu blasa við hvar sem hann stigi fæti niður.

Gufan er orðin svo algeng sjón að sumir foreldrar kippa sér ekki upp við það þótt börnin þeirra séu orðin háð henni. Segja að það sé mun betra en ef þau væru að reykja sigarettur. En það sem gleymist oft er að síðustu ár voru reykingar hverfandi meðal barna – þangað til gufan barst til landsins.

Það er nefnilega hægt að selja okkur allan fjandann. Árið 1950 var okkur selt að það væri hollt að reykja sigarettur og árið 1980 að ljósabekkjaböð væru heilsusamleg. Það tók vísindin hálfu mannsævi að sanna að hvort tveggja veldur krabbameini.

Því spyr maður, ætlum við að læra af þessari reynslu? Það verður ekki fyrr en eftir 40 ár sem við sönnum hvaða áhrif rafsigarettur hafa á líkamann – þó vitum við nú þegar að þær geta innihaldið efni sem valda krabbameini.

Fyrir utan óvissuna um hvort barn hljóti lifshættulegan sjúkdóm af gufunni, þá á barn sem verður þræll gufunnar eftir að upplifa mikla vanlíðan sem tengist fráhvörfum: órvæntingu, óþolinmæði, reiði, leiða, kvíða, óróleika, svefntruflunum, martröðum, skorti á einbeitingu, eirðarleysi, hausverk, þreytu og jafnvel þunglyndi. Hver vill að barn sitt þurfi að þola slíkt?

Þá tvo mánuði sem ég hef dvalist í Kaliforníu hef ég ekki séð eina manneskju með rafsigarettu. Og það sést heldur enginn reykja. Ballið er búið hérna. Fólk kys betri lifsgæði fyrir sig og börnin sín. Á meðan gýs gufan upp á hverju horni í Reykjavík, sennilega meiri gufa en þegar Ingólfur nam land 874.



ÞRIGGJA DAGA SPRENGJA!

30 stk. Warehouse Clearance dýnur frá King Koli í stærðinni Queen (153x203) voru að lenda og fara þær áður sumar tilboð í þrjá daga!

STAKAR DÝNUR
30.520 KR.

MEÐ RÚMBOTNI
OG FÓTUM Á AÐEINS
67.275 KR.

KOMDU TIL OKKAR OG MÁTAÐU

Það er aldrei að vita nema að drauma rúmið þitt leynist í bankanum.

STILLANLEGIR DAGAR Í REKKJUNNI

Stillanlegt Ergomotion 40-rúm stærð 90x200 cm., (hvort rúm) með pokagormadýnum á 22.784 kr. á mánuði* og fyrstu afborgun í ágúst.

Staðgreitt 259.465 kr.

Stakar dýnur, 90x200 cm., sem henta í stillanleg rúm. Verð frá 31.255 kr. stk.

EKKI MISSA AF ÞESSU!

22.784 KR.
á mánuði*
og fyrstu afborgun í ágúst.

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is



Opið allan
sólarhringinn
í öllum verslunum

Iceland

Aðeins



á starfsmann
á viku

Ávextir í áskrift kosta um 550 kr.
á mann á viku og fyrirhöfn
fyrirtækisins er engin.



AVAXTA-
ABILLINN

Avaxtaú betur

www.avaxtabillinn.is
avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110